



» ÞÁ VAR MOKVEIÐI

Ólafur Björn Þorbjörnsson, skipstjóri og nú útgerðarstjóri á Höfn í Hornafirði, fór fyrst ellefu ára gamall á sjó. Næstum 60 árum seinna fór hann að vinna í landi. Hann gerir út Sigurð Ólafsson SF 44 og sonur hans, Sigurður Ólafsson, er skipstjóri. >> 32-36



Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ 2020 22. tölublað 39. árgangur



SJÓMENN!

Til hamingju með daginn

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON

Kælimiðlar

á Íslandi síðan 1941.

Kristján G. Guðlason **E H F**
kgg@kgg.is • 55-20000 • www.kgg.is

DU PONT

er nú

Chemours™

Ammoníak

R-404a • R-32 • R-507a • R-422a/d
R-449a • M029 • R-134a • M049
R-1234yf • M079





Frosti ÞH í haugabrálu, í sínum fyrsta túr eftir gagngerar lagfæringar.

MYND/PORGEIR BALDURSSON

KARLINN Í BRÚNNI

Það er ekki gott að missa skip úr rekstri allan þennan tíma og ekki síður var þetta erfitt fyrir mannskapinn.

Gagngerar endurbætur eftir eldsvoða

Að loknum gagngerum viðgerðum og endurbótum sem stóðu yfir í sautján mánuði hóf skuttogarinn Frosti ÞH 229 veiðar á ný í byrjun mars. Frosti er gerður út af samnefndri útgerð á Grenivík. Eins og margir muna kom eldur upp í vélarrúmi skipsins á Halamiðum, norðvestur af Hornströndum, í október 2018.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON
gugu@fiskifrettir.is

Tólf voru í áhöfn Frosta þegar kviknaði í skipinu. Einn skipverji hlaut annars stig bruna en aðra sakaði ekki. Varðskipið Týr dró skipið til hafnar í Hafnarfirði. Þorsteinn Harðarson skipstjóri segir að endurnýja hafi þurft nánast allar raf-lagnir í vélarrúminu. Auk þess þurfti að setja í skipið nýja aðalvél, gir og skrófu. Þetta voru því umfangsmiklar lagfæringar og endurnýjun sem gera þurfti á skipinu. Þorsteinn segir að allt hafi þetta hlaupið á umtalsvert háum upphæðum og skipið var frá veiðum í sautján mánuði.

Ný vél, skrófa og gir

„Það er ekki gott að missa skip úr rekstri allan þennan tíma og ekki síður var

þetta erfitt fyrir mannskapinn. Sem betur fer komust þeir margir hverjir í önnur pláss og voru þar í afleysingum meðan við vorum stopp. Útgerðin varð að leigja frá sér kvótann til að halda sér gangandi meðan á þessu stóð. Við náðum líka að færa eitthvað af honum fram á þetta fiskveiðiár.“

Fátt er óhugnanlegra en þegar eldur kemur upp í skipi úti á rúmsjó. Þorsteinn segir að það hafi farið betur en á horfðist og menn sloppið með skrekkin. Landhelgisgæslan hafi haft sérstaklega á orði að það mætti þakka hárréttum viðbrögðum skipverja.

„Þarna var Slysavarnaskóli sjómanna að sanna gagnsemi sína. Við höfum allir sótt okkur þekkingu og þjálfun þaðan nokkrum sinnum. Þarna læra menn handtökin og það síast inn.“

Sumir segja að skipið sé nú enn betra



Þorsteinn Harðarson skipstjóri.

MYND/ADSEND

en það var fyrir eldsvoðann. Þorsteinn segir engan galdur felast í því. Það séu komnir nýir hlutir í stað hluta sem voru orðnir 20 ára gamlir, en Frosti er 29 metra langt stálskip smíðað í Kína árið 2000.

Góð veiði fram að þessu

„Við erum suður í Lónsdýpi. Það er lítil gangur í þessu. Við ætlum að reyna

við ufsa og karfa en það hefur ekkert gengið. Ég veit ekki hvenær þolinmæðina þrýtur. Við höngum kannski yfir þessu fram á kvöldið. Við erum búnir að vera hérna fyrir austan í rúma viku og það er ekki hægt að segja að það sé sumarlegt yfir þessu. Það er reyndar gott veður núna en tíðarfarið hefur verið hundleiðinlegt að undanförunu. Þegar við komum hingað austur gerði norðaustanstorm og svo var suðvestanstormur í tvo daga.“ sagði Þorsteinn þegar Fiskifréttir slógu á þráðinn. Þeir voru þá fremur nýlega komnir á miðin en höfðu landað tvö síðustu skiptin á Djúpvavogi. Hann sagði að veiðar hefðu gengið mjög vel fram að þessu.

„Það hefur verið mjög góð veiði fram að þessu. Frá því að við fórum aftur af stað höfum við verið að landa í Þorlákshöfn og Grindavík. Svo færðum við okkur núna hingað austur fyrir. Fiskverð fór dálítið niður um tíma en landið er að rísa á ný. Við vonum að þetta sé allt á réttari leið aftur.“ segir Þorsteinn.

Frosti hefur verið í föstum viðskiptum við Íslenskt sjávarfang mörg undanfarin ár með þorsk, ufsa og ýsu.

Fiskifréttir

ÚTGÁFUFLAG: Myllusetur ehf.

RITSTJÓRI:
Svavar Hávarðsson
svavar@fiskifrettir.is
Sími 569 6625

BLAÐAMAÐUR:
Guðjón Guðmundsson
gugu@fiskifrettir.is
Sími 569 6616

BLAÐAMAÐUR:
Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@fiskifrettir.is
Sími 569 6624

AÐSETUR:
Ármúli 10,
108 Reykjavík
Áskrift: 569 6622

AUGLÝSINGAR:
Sími: 569 6609
PRENTUN:
Landsprent ehf.

loftpressur fyrir allan iðnað



UPLIFTING COMPANY

AUTOP STENHOJ



dætur í úrvali



allt fyrir iðnaðinn...



IÐN VÉLAR EHF. | Smiðjuveg 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414-2700 | idnvelar@idnvelar.is | www.idnvelar.is



GLORÍAN

*sem bylti
flottrollsveiðum*

*Gloríu flottroll Hampiðjunnar voru þróuð
í nánú samstarfi við íslenskar útgerðir,
skipstjórnarmenn
og sjómenn.*

*Á síðustu 30 árum
hefur Hampiðjan
framleitt og selt yfir þúsund Gloríur
til útgerða í 28 löndum.*

HAMPIÐJAN

- veiðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is

Fengju betri þekkingu á strandsævi

Norðmenn hafa í hyggju að efla mjög gagnasöfnun á smærri bátum til að afla meiri þekkingar á nytjastofnum á grunnsævi.

Fiskeridirektoratet, sem er norsk stofnun sambærileg Fiskistofu hér á landi, hefur lagt þetta til við stjórnvöld.

Þetta myndi þýða að gögnum yrði safnað í stórum stíl með rafrænum hætti frá bátum sem eru innan við 15 metrar að lengd, en samkvæmt norskum reglum hefur hingað til gagnasöfnun af því tagi eingöngu komið frá stærri bátum.

Úr 600 í 6000

Við þetta tífoldast bátaflotinn sem gögn koma frá, eða úr 600 í um 6.000.

Hugmyndin er sú að með því að fá gögn frá smærri bátum fæst betri þekking á nytjastofnum á grunnsævi. Einnig fæst með þessu betra eftirlit með veiðunum.

Meiningin er að nota þá tækni sem nú þegar er til staðar, svo hægt verði að ráðast í þetta sem fyrst.

Notast verður við staðsetningarbúnað og löndunartölur, og yrði það keyrt saman svo lesa megi út úr niðurstöðunum margvíslegar upplýsingar um það sem er að gerast í hafinu.

Fiskeridirektoratet segir þetta nauðsynlegt til að tryggja betra eftirlit með auðlindinni og því hvernig smábátar nýta hana.



Porskur í neti.

MYND/PORGEIR BALDURSSON



Valeriy Akbashev, Konstantin Korobkov, Pétur Pétursson og Vladimir Borodkin.

ABSEND MYND

Skaginn 3X skrifar undir stóra samninga

Sér um þróun og hönnun nútíma- og sjálfvirknivæðingar rússneskra og suðurkóreskra fyrirtækja.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Skaðinn 3X hefur skrifað undir stóra söluhönnunarsamninga við rússnesk og suðurkóresk fyrirtæki. Fyrirtækin hyggjast nútíma- og sjálfvirknivæða fiskvinnslu sína til að auka hagræðingu, gæði og afkastur.

„Þó að sjálfvirkar heildarlausnir hafi verið staðalbúnaður í greininni á ákveðnum svæðum í áratugi eru þau fyrst núna að verða nauðsynleg í mörgum vinnlustöðvum í Rússlandi og Asíu,“ segir í tilkynningu frá Skaganum 3X.

Í Rússlandi eru það sjávarútvegsfyrirtækin Magadanryba og Yuzhno-Kurilskiy Rybokombinat sem gerðu nýverið ráðgjafasamning við Skagann 3X um þróun hugvitsamlegra lausna í sjálfvirknivæðingu fiskvinnslu fyrirtækjanna.

„Góður árangur í nýlegum verkefnum okkar í landvinnslu fyrir rússnesku fiskvinnslufyrirtækin JSC Gidrostroy og V.I. Lenin hefur orðið til þess að við erum nú mikilvægur samstarfsaðili margra fyrirtækja bæði í Rússlandi og Asíu sem sækjast eftir að sjálfvirknivæða ferla og þróa nýjar og nútímalegar vinnlustöðvar,“ segir Arnar Friðrik Albertsson yfirmaður söluhönnunar Skagans 3X. „Sjálfvirkni, bætt vinnuvistfræði og skilvirkari vinnsla á stærri skala eru allt sérfræðisvið Skagans 3X og hafa verið um áratuga skeið.“

Spennandi verkefni

Í Suður-Kóreu hefur fyrirtækið Hyes-eung Fisheries einnig gert samning við Skagann 3X um aðstoð við þróun nýrrar fiskvinnslu sem á að verða „háþróaðasta landvinnslan á þessu svæði,“ segir í tilkynningunni.

„Nýi samningurinn við Hyes-eung Fisheries lofar góðu og verður spennandi verkefni fyrir sérfræðinga okkar í fiskvinnslu,“ segir Arnar. „Þetta er teymi sem hefur þróað og innleitt stórar og flóknar heildarlausnir og það verður ánægjulegt fyrir okkur að taka þátt í að hanna þessa tímamóta vinnlustöð.“

Fiskifréttir hafa á síðustu misserum greint frá umfangsmiklum hátækni-búnaði sem Skaginn 3X hefur sett upp í Rússlandi. Nema þeir samningar milljörðum króna.

TIL HAMINGJU SJÓMENN



UMBÚÐAMIÐLUN

555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík

Gleðilega hátíð



Skretting segist ekki þurfa fisk í fóður

Takist strandríkjnum ekki að tryggja vottun uppsjávarstofnanna hyggjast norskir fóðurframleiðendur leita annað eftir hráefni.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrattir.is

Við getum nú orðið framleitt fóður án sjávarafurða,“ segir Trygve Berg Lea, sjálfbærnstjóri hjá Skretting, í viðtali við Undercurrent News. „Þannig að ef fiskimennirnir geta á endanum ekki unnið saman og stjórnvöld finna ekki lausnina, þá getum við í raun komist af án þeirra.“

Skretting er norskt fyrirtæki sem framleiðir fóður og notar til þess fiskimjöl sem að stórum hluta er unnið úr kolmunna og öðrum uppsjávartegundum. Skretting er leiðandi fyrirtæki í fóðurframleiðslu á heimsvísu og einn af stærstu kaupendum fiskimjöls á Norðurlöndunum.

MSC-vottun uppsjávarveiða í Norðvestur-Atlantshafi hefur staðið tæpt, makríl-vottunin er fallin og kolmunni og síld stefna í sömu átt síðar á árinu eða í byrjun þess næsta. Vandinn er sá að



Skretting er leiðandi fyrirtæki í fóðurframleiðslu á heimsvísu og einn af stærstu kaupendum fiskimjöls á Norðurlöndunum.

ADSEND MYND

strandríkin hafa ekki getað komið sér saman um skiptingu aflans, með þeim afleiðingum að árum saman hefur verið veitt verulega umfram ráðgjöf Alþjóðahafannsóknaráðsins.

Kaupendur fóðurs gera strangar vottunarkröfur, þannig að falli kolmunnavottunin sitja fóðurframleiðendur uppi með markaðsvanda.

Ónothæf vara

Undercurrent News hefur eftir Lea að ekki yrði hægt að nýta fiskimjöl úr óvottuðum kolmunna, en fóður úr því er notað í stórum stíl í fiskeldi bæði í Evrópu og víðar.

„Það er býsna alvarlegt vegna þess að þetta er um helmingurinn af öllu fiskimjöli sem framleitt er í Noregi,

Danmörku, Bretlandi og Íslandi.“ Hjá Skretting eru menn því farnir að svipast um eftir öðru hráefni. Perúansjósan kæmi til greina þegar fram líða stundir þar sem Perúmenn vinna nú hörðum höndum að því að fá þær veiðar vottaðar. Önnur hráefni, sem ekki eru sjávarafurðir, koma einnig til greina en þau eru enn sem komið er dýrari en fiskimjöl og lýsi. Það væri samt mögulegt og þangað myndi Skretting leita ef þörf krefði.

Skretting leggur þó enn áherslu á að fá strandríkin til að semja.

„Ég hugsa að bæði við hjá Skretting og aðrir í geiranum muni reyna að hafa áhrif á þetta með því að hvetja strandríkin til að setjast niður og færa aflann að ráðgjöfinni,“ segir Lea.

FENRIR

- Vinnubátar
- Frístundabátar
- Þjónustubátar
- Björgunarbátar

Sterkir og endingargóðir bátar úr HDPE plast.

Fáanlegir í fimm stærðum og mörgum útfærslum.

Hafðu samband.



RÁN
BÁTASMIÐJA

Mörk 2 - 765 Djúpivogur
Símar +354 - 478 1020 / +354 691 1022
villi@boats.is - www.boats.is

Til hamingju með daginn sjómenn

Eimskipafélag Íslands sendir öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra heillaóskir í tilefni dagsins með kærri þökk fyrir þeirra mikilvæga starf

 **EIMSKIP**

Draga aukin verðmæti úr afurðunum

Matís hefur birt afraksturskýrslu sína fyrir árið 2019 þar sem farið er yfir þann hluta starfseminnar sem fellur undir þjónustusamning við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Oddur Már Gunnarsson forstjóri segir í ávarpi sínu að árið hafi verið viðburðaríkt hjá Matís: „Við stóðum sannarlega í ströngu og þurftum að leysa fjölmörg krefjandi verkefni.“

Hann segir mikinn ávinning hafa orðið af fjármögnun ráðuneytisins í rannsókn- og nýsköpunarverkefnum, en fyrir hverja eina krónu sem ráðuneytið fjárfesti í rannsóknum hjá Matís árið 2019 hafi fyrirtækið sótt 2,2 krónur til viðbótar úr samkeppnissjóðum.

Rannsóknaráherslur fyrirtækisins skiptast í þrjá meginflokkka: Verðmætasköpun, lýðheilsu og matvælaöryggi. „Sjávarútvegur kemur við sögu á öllum þessum sviðum, en þó kannski mest enn sem komið er þar sem áherslan er á verðmætasköpun,“ segir í skýrslunni.



Á síðustu árum hefur einnig stór hluti af rannsóknastarfi Matís snúist um makrílinn og að finna leiðir til að nýta hann til manneldis.

MYND/GRÉTAR ÓMARSSON

Sérstaða Íslands

„Ein helsta sérstaða Íslands er einmitt hversu vel okkur hefur tekist að skapa verðmæti úr auðlindunum og tengja þarfir erlendra markaða við veiðar og vinnslu. Matís hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að skapa þessa sérstöðu og unnið með atvinnulífnum að rannsóknum og þróun til að ná sem mestum

verðmætum úr auðlindunum, til að mæta kröfum neytenda og auka sjálfbærni.“

Þar hefur verðmætasköpun úr hliðarafurðum verið eitt mikilvægasta verkefnið og eru nefnd þar til sögunnar „þurrkun á hausum og hryggjum, nýtingu á lifur til niðursuðu eða í lýsisgerð, hrognum í mismunandi ídýfur og nú

á síðustu árum að nýta roð í gelatín og kollagen.“

Makrílinn nýttur

Á síðustu árum hefur einnig stór hluti af rannsóknastarfi Matís snúist um makrílinn og að finna leiðir til að nýta hann til manneldis. Í skýrslunni segir að þetta starf hafi á síðustu tíu árum skilað þjódarbúinu á annað hundrað milljörðum.

„Rannsóknir hafa verið gerðar á möguleikum þess að flaka makríl og skoðað hvernig unnt er að ná upp viðunandi geymsluþoli á flökum í frosti.“ Enn fremur séu hugmyndir að mótast um að „nýta betur það sem nú fer í mjöl og lýsi og vinna úr því verðmætari afurðir, t.d. íblöndunarefni í matvælaíðnað, fæðubótarefni eða verðmæt viðbótarefni í fódurgerð.“

Þá hefur Matís undanfarin ár beint sjónum að sjávarlíftækni sem felur í sér rannsóknir og þróun á vinnslu lífvirkra efna úr íslensku sjávarfangi, meðal annars í samstarfi við Genís á Siglufirði og Prótis á Sauðárkróki.

Þá segir að Matís taki nú þátt í verkefnum sem lúta að hagnýtingu stórþörunga, þar sem unnið er að því „að umbreyta flóknum þangsykrum í ýmiss konar efni allt frá lífeldsneyti í efni sem notuð eru í lyfjaíðnaði og við gerð lífplasts“.



Valka

Hraðvirkur flokkari fyrir frosna bita, sjálfvirk innmötun

FRAMÚRSKARANDI LAUSNIR FYRIR FROSNAR AFURÐIR

Ný nálgun í flokkun, samvali og pökkun á lausfrystum afurðum

Aukin afköst á hvern fermetra

Betri meðhöndlun á vörum

Lágmörkun á yfirvigt í kassa

Sjálfvirk innmötun

Flokkun eftir þyngd og stærð

Róbótapökkun í kassa



Samvals- og pökkunarróbóti

Valka hefur frá upphafi lagt áherslu á að hanna vörur sem auka virði fyrir viðskiptavinum í formi aukinna afkasta, bættrar nýtingar og hámarkunar á skilvirkni og verðmætum.

Með náinni samvinnu við framsækin sjávarútvegsfyrirtæki verða til hátækni-lausnir í fremstu röð í greininni.

Þessir nýju flokkarar fyrir frystar afurðir eru gott dæmi um það.

Þjónusta alla leið á sjó og landi

Til hamingju með daginn!

Í tilefni af sjómannaþingnum þökkum við sjómönnum og útgerðarfyrtækjum fyrir ánægjuleg samskipti í gegnum tíðina. N1 er alltaf til staðar með þjónustu við sjávarútveginn, á sjó og landi.

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ

Rannsaka fiskinn og söguna

Ólíkar nálganir líffræðings og fornleifafræðings skarast með ýmsum hætti á Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum, þar sem hjónin Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Ragnar Edvardsson ráða ríkjum.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifretir.is

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum er til húsa í Bolungarvík og þar ráða ríkjum hjónin Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem er forstöðumaður, og Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur.

Ragnar hefur stýrt fornleifarannsóknunum á Vestfjörðum síðan 1995, einkum á verstöðvum og öðru sem tengist sögu fiskveiða, fyrst í Skálavík sem er skammt vestan við Bolungarvík. Smám saman tók hann einnig að fíkra sig út í hafið að leita skipsflaka við strendur landsins.

„Upphaflega voru þetta rannsóknir á verstöðvum og fiskveiðum og öllu sem því tengist. Lengi vel áttaði ég mig aldrei almennilega á því hvað hafði verið að gerast á þessum stöðum. Sumar verstöðvar lögðust af, kannski nokkrar á ákveðnu tímabili eða þær færðu sig um set, þó það væri ekki langt. Maður reyndi að finna skýringar í sögunni, leita að einhverjum pólitískum skýringum eða öðru, en það passaði oft ekki,“ segir Ragnar.

„Það var ekki fyrr en við fórum að vinna meira saman sem ég áttaði mig á því að það sem mig vantaði var að skilja þorskinn sjálfan. Þá fór maður að sjá að breytingar í fari þorsks geta komið af stað breytingum í landi.“

Guðbjörg kom seinna vestur. Hún hefur verið framkvæmdastjóri Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur er forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

MYND/RAGNAR EDVARDSSON

síðan 2007. Rannsóknir hennar hafa beinst að líffræðilegum fjölbreytileika og hvernig tegundir geta þróast í ólíkar áttir eftir búsvæðum og aðstæðum í hafinu. Þar hefur ekki síst þorskurinn átt stóran sess og stærsta rannsóknarverkefnið nú lýtur að ferðum þorskseiða um vestfirsku firði, meðal annars með merkingum á

þorskseiðum í hafi og með því að fylgjast með hegðun seiða í tilrauna-aðstöðu setursins.

„Við höfum verið að vinna í þorskseiðum í nokkur ár en það breytti mjög miklu þegar við fengum styrk frá Rannís í þetta,“ segir Guðbjörg. Ráðnir voru inn fleiri nemendur sem taka virkan þátt í rannsóknarstarfinu, en alls voru þrjár doktorsnemar og tveir meistaranemar að vinna að námsverkefnum í samstarfi við setrið í vetur.

„Við veiddum 100 seiði í fyrrahaust og svo höfum við verið með þessa fiska inni á rannsóknarstofu og fylgst með því hvernig hegðun breytist yfir tímabilið með tilliti til mismunandi fargerða þorska. Við notum þá erfðamörk til að geta spáð fyrir um hvort þeir séu líklegri til að vera farþorskur eða staðbundinn þorskur. Þá er þekkt að erfðamörkin hafa mjög sterka fylgni við þessa gerð.“

Farþorskur og strandþorskur

Fyrir tuttugu árum eða svo sýndi rannsókn í Noregi fram á að þorskurinn hefur mismunandi arfgerð eftir því hvort hann er farþorskur eða strandþorskur. Strandþorskurinn heldur sig inni á fjörðum en

farþorskurinn fer víða um höf og veiðist meir.

„Farþorskurinn eins og við þekkjum hann er hvergi til nema á Íslandi og í Noregi,“ segir Guðbjörg. Hún segir nauðsynlegt að hafa í huga að arfgerð hefur ekki hundrað prósent spágildi fyrir hegðunina, en mikilvægt sé að skilja hvernig þessi hegðun mótast.

„Ein kenningin er sú að þeir velji sér mismunandi umhverfi og ólíkt umhverfi á seiðastigi geti breytt hegðuninni. Þannig að þetta geti verið umhverfistengt að einhverju leyti. Farið ráðist af því hvort þeir sækja í kaldari sjó til dæmis eða ef hitastigið hækkir þá fáum við fleiri farfiska, eða öfugt. Flestir eða allir fiskarnir hafi þá það sem til þarf til að vera hvor sortin sem er, en það fari svo eftir umhverfi þeirra á seiðastigi hvað gerist.“

Hún segir ýmislegt benda til þess að fyrir einhverjum öldum hafi fargerðir þorsks verið algengari en í dag og fundist víðar, en síðan hafi tilhneigingin orðið sú að þorskurinn hafi orðið staðbundinn.

„Vandamálið frá sjónarhorni fiskveiðipjóðar við það að stofninn verði staðbundinn er að staðbundnir stofnar standa undir miklu minni lífmassa. Það eru þessir stóru farstofnar sem halda uppi veiðum bæði hér og í Noregi.“

Þegar þorskurinn fór

Rannsóknir þeirra Guðbjargar Ástu og Ragnars hafa einnig beinst að því að rekja sögu þorsksins hér við land og notað til þess upplýsingar úr þorskkvörnum sem finna má í gömlum verstöðvum, þar sem þeim var hent á sínum tíma. Þar

/// Það eru þessir stóru farstofnar sem halda uppi veiðum bæði hér og í Noregi.

Plötufrystir

Til sölu

Frekari
upplýsingar:

Hafliði
893-1777



Kristján G. Guðlason FHEF
www.kgg.is - kgg@kgg.is - 55-20000



VOOT BEITA

MEIRA EN BARA BEITA

Beita Veiðarfæri Aðföng



Voot beita selur hágæða beitu fyrir allar stærðir línubáta ásamt veiðarfærum og ýmsum aðföngum og leggur mikla áherslu á að mæta kröfum viðskiptavina sinna með traustri og vandaðri þjónustu

Hafðu samband **núna!**



Afgreiðum **vörur** um allt land **samdægurs**

www.beita.is

Ægisdaga 2, 240 Grindavík

s. 581-2222

/// Það var ekki fyrr en við fórum að vinna meira saman sem ég áttaði mig á því að það sem mig vantaði var að skilja þorskinn sjálfan.

kom í ljós að fiskveiðar eru stundaðar af miklum krafti fram til 1600 eða svo, en þá hófst kuldaskið sem stóð í nokkrar aldir, „litla ísöldin“ sem svo hefur verið nefnd. Þessar upplýsingar ríma vel við sagnfræðilegar heimildir.

„Ef við skoðum heimildirnar þá sjáum við að á Norðurlandi leggjast allar verstöðvar af í raun og veru um 1500 til 1600,“ segir Ragnar. „Eftir þetta hætta menn að veiða fyrir Norðurlandi í atvinnuskyni, nema þá bara í soðið, og um þetta leyti byrja sennilega líka þessar ferðir Norðlendinga suður á verstöðvar fyrir sunnan.“

„Á þessum kaldasta tíma þá hrynur veiðin í þessar staðbundnu gerðir, innfjarðarþorska,“ segir Guðbjörg. „Verstöðvarnar sem halda sjó eru allar á þessum útnesjum, eins og í Breiðuvík og á Gufuskálum á Snæfellsnesi.“

„Þarna sjáum við líka ákveðna þróun í íslensku samfélagi,“ heldur Ragnar áfram, „og það er ekki tengt Dönnum heldur miklu fremur íslenskum aðli, að fólk er haldið í heljargreipum. Það verður hér engin tækniþróun. Við verðum undir á meðan erlendu skipunum sem koma fjölga, þau verða tæknilegri, stærri og betri, og geta elt þorskinn en við erum alltaf fastir í landi. Við þurftum að komast einhvern veginn ákveðna



Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur beinir rannsóknnum sínum að hafinu og mannvist við hafið.

MYND/GUÐBJÖRG ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR

vegalengd frá verstöðvum, en erum alltaf á þessum litlu bátum. Þarna augljóslega verða Íslendingar bara undir.“

Skipskaðar við Ísland

Ragnar hefur einnig leitað uppi skipsflök á hafsbotni og grúskað í heimildum um skipskaða hér við land. Hann segir að þegar þær heimildir eru skoðaðar áttí menn sig fljótt á því að skipskaðar við Ísland eru langflestir við vestanvert landið, á svæðinu frá Vestmannaeyjum og til Húnaflóa.

„Ég er búinn að liggja í þessu núna í mörg ár, og þá tekur maður eftir því að það er eiginlega ekkert fyrir austan. Það gerist ekki fyrr en á 19. og 20. öld þegar þeir loksins geta farið á miðin. Því fyrir austan er auðvitað lengra út á miðin, þeir komust ekkert þangað á smábátunum. Svo ef þú skoðar líka staðsetningu kaupstaða, þá eru flestir stærri kaupstaðirnar fyrir vestan, sárafáir á Austurlandi.“

Guðbjörg bætir við að augljóst sé að uppbygging á Íslandi hafi verið mest þar sem eru þorsgöngur og hrygningarstöðvar þorsks.

„Þetta segir náttúrulega allt um mikilvægi þorsksins alveg frá upphafi,“ segir Ragnar. „Ef við berum saman Ísland og

aðrar þjóðir getum við alveg leitt líkur að því, þó það sé smá fantasía í því, að ef þorskurinn hefði ekki komið og verslun með þorsk við Evrópu á 13. öld þá hefðum við sennilega lagst af eins og Grænland. Það er mjög líklegt því Grænland leggst af fyrst og fremst út af að menn þurfa ekki lengur rostungstennur og hætta bara að versla.“

Fyrir utan íslensku skipin þá er ljóst að mörg erlend skip hafa sokkið hér við land á undangengnum öldum.

„Reyndar finnst ekki mikið í íslenskum heimildum um erlenda skipskaða, en ef erlendu heimildirnar eru skoðaðar þá sjáum við til dæmis að á 15. öld eru allt upp undir 100 skip að sigla frá Englandi til Íslands á hverju ári. Í frönskum heimildum er líka vitað um 400 skip sem hurfu bara, og það er til viðbótar við 400 franskur skútur sem vitað er hvar fórust. Og það eru bara frönsku skipin, en svo koma Þjóðverjar, Hollendingar og aðrar þjóðir til viðbótar. Þetta er áhugavert, en þetta er eins og að leita að nál í heystakki. Þetta er gríðarlega stórt svæði.“

Við erum að kaupa fisklifur á góðu verði (þorsk, langa, keila, ufsi).

Getum borgað beint eða í gegnum markað.

Ísstormur ehf. GSM: 771-2570



Kalkþörungasvæðin

Meðal fjölmargra annarra rannsóknarverkefna sem unnið er að á Rannsóknarsetrinu í Bolungarvík má nefna forvitnilegar athuganir á kalkþörungasvæði í Ísafjarðardjúpi. Þar gagnast þekking Ragnars á köfun og leit á hafsbotni. Niðurstöðurnar liggja fyrir og sýna tvennt. Annars vegar að mun fleiri fiskar eru á kalkþörungasvæðum en á samanburðarsvæðunum og svo hins vegar að mun færri fiskar eru á jöðrum kalkþörungasvæðanna heldur en í miðjunni. Guðbjörg segir jafnárhrifin áhugaverðari heldur en samanburður við önnur svæði, því botninn á samanburðarsvæðunum er hvort eð er sendinn og vart að búast við miklu lífríki þar. „Almennt er frekar erfitt að vita hvaða fiskar eru að nýta kalkþörungasvæði. Það er erfitt að beita venjulegum veiðarfærum á þessum svæðum. Það eyðileggur öll veiðarfæri að draga í gegnum þetta, fyrir utan auðvitað að það eyðileggur kalkþörunginn.“

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN



Við þökkum samstarf liðinna ára og sendum sjómönnum og landsmönnum öllum heillaóskir í tilefni dagsins.

marel.is

The Marel logo consists of a red stylized 'M' symbol followed by the word 'marel' in a white, lowercase, sans-serif font.

Leita gullskipsins með rafsegultækni

Við getum séð nokkuð nákvæmlega úr hvaða efnun skipin í sandinum hafa verið gerð með tækjabúnaðinum.

„Hugmyndin er sú að reyna að finna skipið. Tækni til leitar er orðin allt önnur en hún var þegar fyrri leitarleiðangrar voru gerðir út. Leitaraðferðir eru aðrar og við höfum lagst dálítið yfir það sem fór úrskeiðis í fyrri leiðöngurum. Við höfum fengið erlenda fjárfesta inn í verk efnið,“ segir Gunnar Birgisson leitarstjóri í leitinni að Het Wapen van Amsterdam, flaggskipi hollenska flutningaflotans sem strandaði á Skeiðarársandi 19. september 1667. Skipið var hlaðið perlum, óslípuðum demöntum, gulli, silfri, kopar og silki sem það hafði sótt í nýlendur Hollendinga.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON
guqu@fiskifrettir.is

Við leitina verði stuðst við rafsegulmælingar og jarðratsjár, að sögn Gunnars. Tæknin hefur verið þróuð af rússnesku teymi sem tekur þátt í leitinni að gullskipinu núna í sumar. Teymið vann sér það til frægðar 2018 að finna bandaríska sprengjuflugvél sem hafði farist á Grænlandsjökli 1943 og grafist þar í ísinn. Hann segir að búnaðurinn sjálfur sé ekki ný tækni en aðferðirnar til að lesa gögnin og notin af þeim eru ný. Tækjunum sjálfum, þ.e. rafsegulmælitækjunum og jarðratsjámum, verður komið fyrir í drónum. Þeim verður flogið yfir leitarsvæðið og þannig verður komist hjá öllu jarðraski.

„Samkvæmt annálum og öðrum gögnunum bendir flest til þess að skipið sé á ákveðnu svæði á Skeiðarársandi. Leitar svæðið er talsvert löng lína.“

Strandlína eftir gos í Öræfajökli

Aðeins tvö gos hafa orðið í Öræfajökli eftir landnám. Það fyrri var árið 1362

Het Wapen van Amsterdam

Árið var 1667. Holland var heimsveldi og ein stærsta verslunar- og skipaþjóð heims. Stærstu nýlendurnar voru Austur-Indíur; Taíland, Malasía og Indónesía og þeir voru í stríði við Englendinga.

Hollendingar gerðu út flota skipa á hverju ári til að sækja gull og gersemar í nýlendurnar. Árið 1667 lögðu fimm skip úr höfn á Indlandi með einhvern verðmætasta farm sem nokkru sinni hafði verið fluttur þessa leið. Eitt þessara skipa var Het Wapen van Amsterdam.

Het Wapen van Amsterdam var smíðað á árunum 1653-1654. Það var stærsta skipið í hollenska flotanum.

Á heimleið í september 1667 hreppti skipalestin aftakaveður og hraktist af leið í úfnu Atlantshafinu. Eitt skipanna brotnaði í klettum við Færeyjar en Het Wapen van Amsterdam hraktist alla leið til Íslands. Þar strandaði



það á Skeiðarársandi 19. september 1667 hlaðið dýrum farmi. Þar hefur það legið grafið í sandinum alla tíð síðan.

Hluti áhafnar og farþegar lifðu strandið af en margir létu lífið á viðáttumiklum sandinum í aftakaveðri næstu sólarhringa. Talið er að 190 manns hafi látið lífið og 50 til 60 manns komist af og verið til frásagnar um það sem gerðist og hvað var í lestum skipsins.

Áhöfnin greip í skyndi með sér það sem hún gat borið með sér, eins og stranga af silki. Sagan segir að heimamenn hafi mörg næstu ár lagst til hvílu í sængurklæðum úr fínasta silki. Silkið hafi þeir fengið í skiptum fyrir hesta sem fluttu hollensku skipbrotsmennina til Reykjavíkur þar sem þeir leituðu leiða til að komast sjóleiðina til Hollands. Yfirgefið skipið sökk stöðugt dýpra í sandinn eftir því sem árin liðu.

og var það mesta sprengigoss sem orðið hefur hér á landi frá því að land byggðist. Magn gosefna er talið hafa verið um 10 km³. Til samanburðar var magn gosefna í Eyjafjallajökulsgosinu árið 2010 áætlað um 0,3 km³ eða ríflega 30 sinnum minna. Næst gaus í jöklinum 1783.


„Í gosinu 1362 dreifðist hvítur vikur yfir svæðið. Við sáum í fyrri hvítar vikureyrar standa hér og þar upp úr sandinum. Þetta gefur okkur vísbendingar um hvar strandlína var þegar gaus í Öræfajökli. Við þurfum því ekki að leita upp fyrir þennan hvíta vikur. Við vorum á svæðinu í fyrri og tilgangurinn var sá að marka þessa grunnlínu.“

Leit að Het Wapen van Amsterdam var gerð á árabílinu 1960 til 1988. Leitarmenn töldu sig hafa fundið skipið í Svínafellsfjöru við Skeiðarárósa 1983 og slógu miklu stálþili í kringum það. Skipið var á um 15 metra dýpi en þegar til kom reyndist flakið vera þýski togarinn Friedrich Albert sem strandaði þarna 19. janúar 1903.

„Við vitum hvar Friedrich Albert er grafinn í sandinum. Við skönnuðum hann í fyrirasumar og við höfðum upplýsingar um að nálægt þessum stað væri annað flak sem við fundum strax líka. Í því var of

mikið af nýlegum málmum til þess að það gæti verið Het Wapen van Amsterdam. Við getum séð nokkuð nákvæmlega úr hvaða efnun skipin í sandinum hafa verið gerð með tækjabúnaðinum.“

Gunnar Birgisson leitarstjóri.
MYND/ADSEND





Að sjá verðmæti...

þar sem aðrir sjá þau ekki er einn dýrmætasti hæfileiki sem fólk býr yfir. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem hafa þennan hæfileika að þroska og framkvæma hugmyndir sínar, samfélaginu öllu til hagsbóta.



Matis er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókná-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvæla- og líftækniönaði. www.matis.is

Het Wapen van Amsterdam er fornleifar og samkvæmt lögum á ríkið allar fornleifar.

Klukkukopar

Gunnar segir að leitarkostnaður hafi verið mun meiri á árum áður en raunin er núna. Aðgengi að tæknibúnaði, flutningatækjum eins og breyttum jeppum og drónum, auðveldi leit og geri hana kostnaðarminni. Mun minna vatn sé líka á svæðinu en var fyrir 20-30 árum sem auðveldi leitina til muna. Árnar séu mun vatnsminni en áður var.

Ekki er nákvæmlega vitað hver farmur Het Wapen van Amsterdam var en þó var talið að í skipinu væru góðmálmur, perlur, silki og fleira.

„Það eina sem við vitum fyrir víst er að ballest skipsins var klukkukopar. Leit mín miðast út frá því. Klukkukopar er frá ákveðnu tímabili sögunnar. Hann gefur frá sér ákveðið merki og við leitum að þessu merki. Þegar ég finn það veit ég að ég hef fundið skip frá þessu tímabili. Það eru ekki mörg skip í sandinum með klukkukopar frá þessu tímabili,“ segir Gunnar.

Það er ekki hagnaðarvonin sem drífur leitarteymið áfram. Þeir sem mest hafa unnið að framgangi leitarinnar nú hafa ekkert borið út bítum ennþá. Styrktaraðilar hafa staðið straum að stærstum hluta kostnaðar sem hefur fallið til fram að þessu. Það er því ævintýraþráin sem fyrst og fremst hvetur hópinum áfram.

Samkvæmt leyfi frá forsætisráðuneytinu má leitarteymið í ekki annað aðhafast en að stunda fjarleit að skipinu. Þegar og ef það telur sig hafa fundið skipið hefst annað ferli meðal annars með aðkomu fornleifafræðinga og Minjaverndar. Sérstakt leyfi þarf til að bora og taka kjarnasýni úr skipinu og annað leyfi til að grafa skipið upp.



Leiðangursmenn á Skeiðarársandi. Fremst á myndinni eru Gunnar Birgisson og Gísli Gíslason. Aðrir eru úr rússnesku teymi sem hefur sérhæft sig í leitum af þessu tagi.

MYND/ADSEND

Um fornleifar að ræða

En gildir hér hið fornkveðna; sá á fund sem finnur?

„Við skulum bara spyrja að leikslokum þegar og ef skipið finnst en væntanlega kemur þá til kasta lögspekinga úr öllum áttum. Sagan segir okkur að það fer allt á annan endan þegar viðlíka hlutir finnast. Það finnst öllum verkefnið mjög spennandi en það vill enginn setja fjármuni í leitina. En finnst skipið vilja allir eiga það.“ Í seinni heimsstyrjöld árið 1942 var HMS Edinburgh sökkt í

Barentshafinu. Famur þess var 465 gullstangir sem var greiðsla fyrir hergögn frá Rússum. Englendingurinn Keith Jessop fann skipið árið 1981 og bjargaði úr því 431 gullstöng, sem er stærsti fjársjóður í sögunni sem bjargað hefur verið af hafsbotni. Gullið var metið á 85 milljónir punda á þeim tíma. Gunnar bendir á að hlutur Jessops var á endanum einungis 6 milljónir punda. Rússar fengu drjúgan hluta gullsins og málaferli kostuðu sitt.

„Het Wapen van Amsterdam er fornleifar og samkvæmt lögum á ríkið allar

fornleifar. Tökum sem dæmi að það finnst spænskur gullpeningur í skipinu. Andvirði gullsins í peningnum gæti verið 50.000 krónur en virði myntarinnar sjálfrar umtalsvert mun meira. Ríkið tæki myntina og myndi hugsanlega greiða þeim sem fann hana 50.000 krónur auk þóknunar fyrir að finna hana. Það er því ekki hagnaðarvonin sem drífur okkur áfram heldur ævintýramennskan.“

Benda má áhugasömum á heimasíðu 1667 sem er www.anno1667.com og Facebook síðuna Sokkin skip við Ísland.

Ætla að finna skipið í sumar

Undirbúningur við leit að gullskipinu Het Wapen van Amsterdam, sem strandaði á Skeiðarársandi í september 1667, hefur staðið yfir í þrjú ár. Forsætisráðuneytið veitti félaginu Anno 1667 leyfi til leitar í janúar 2017 og hyggst það finna skipið í sumar með nýrri leitartækni.

Driffjöldurinn að baki Anno 1667 er Gísli Gíslason athafnamaður. Gísli er vel tengdur maður og hefur fengið í lið með sér sérfræðinga og fjárfesta, þar á meðal milljarðamæring, Kanadamanninn Rob McEwen, sem á fjölda gullnáma víða um veröld. Þá eru í hópnunum rússneskir leitarsérfræðingar sem unnu sér það til frægðar sumarið 2018 að finna bandaríska sprengjuflugvél sem fórst á Grænlandsjökli 1943 og hafði legið þar grafin um áratugaskeið. Hennar hafði verið leitað allt frá árinu 1950

án árangurs. Það tók Rússana um einn mánuð að finna flugvélinu með drónum og sinni tækni.

Gísli segir hóp manna hvaðanæva úr heiminum taka þátt í verkefninu. Í fyrri leitarleiðingrum hafi menn stuðst við járnleitartæki en vandamálið var það hve lítið járn var í þessu gamla skipi. Kopar hafi verið í kjölfestunni, gull og silfur og fallbyssur úr lélegri járnblöndu. Leitir að skipinu stóðu yfir á árunum frá 1960 til 1983 með hléum og segir Gísli að skipið hefði aldrei fundist með þeirri tækni sem menn studdust við þá. Nú verði leitað með drónum sem eru útbúin sérstökum búnaði sem nemi frávik í sandinum.

Safn í líkingu við Vasa-safnið

Síðastliðið sumar skönnuðu leitar menn með Rússunum svæðið þar

sem Het Wapen van Amsterdam er talið liggja í sandinum. Gísli segir það ævintýraþrána sem reki menn áfram. Það sé hins vegar þjóðarinnar að ákveða hvað gert verði við skipið finnst það í sumar. Til greina komi að leyfa því að liggja þarna áfram, eða hugsanlega að grafa það upp og útbúa safn í líkingu við Vasa-safnið í Stokkholmi sem er eitt mest sótt safn í heimi. Um þetta þurfi að vera sátt meðal þjóðarinnar. Sumir séu þeirrar skoðunar að skipið sé tiltölulega heilt, að sandurinn hafi verndað það í gegnum aldirnar.

National Geographic áhugasamt

Gísli segir ljóst að íslenska ríkið geri tilkall til verðmæta í skipinu en jafnframt megi búast við því að Hollendingar geri tilkall til þeirra eins og

þeir voru að undirbúa árið 1983 þegar Björgun hf. leitaði skipsins.

Het Wapen van Amsterdam er síðasta fjársjóðsskipið frá þessum tíma sem vitað er upp að vissu marki hvar er en hefur ekki enn fundist. 1667 ehf. er í viðræðum við National Geographic sem vilja gera sjónvarpsþætti um leitina og jafnvel taka þátt í henni og fjármagna stóran hluta leitarinnar. Einnig hefur Discovery sjónvarpsstöðin sýnt verkefninu áhuga sem og streymisveitan Netflix. Gísli segir þetta allt til skoðunar. Einn úr Anno 1667 teyminu, Carl Hall, stýrir þessum viðræðum en hann framleiddi um margra ára skeið sjónvarpsþætti fyrir Sky sjónvarpsstöðina. Gísli segir ætlunina að finna skipið í sumar svo lengi sem kórónuveiran stöðvi ekki þau áform.

» gugu@fiskifrattir.is

SJÓMENN, TIL HAMINGJU!

Saga TM er samofin sögu sjávarútvegs á Íslandi. Við erum stolt af því að hafa komið að uppbyggingu og viðhaldi öflugrar útgerðar við Ísland frá stofnun fyrirtækisins.

Til hamingju með daginn sjómenn, njótið hans.



Kastað á torfurnar á stofugólfinu

Það var ljóst strax í æsku hvert stefndi hjá þeim Vísisbræðrum Páli Jóhanni og Pétri Hafsteini. Faðir þeirra, Páll H. Pálsson útgerðarmaður, stýrði leiknum á nýja heimilinu í Grindavík þar sem fjölskyldan hafði flust í nóvember 1965 frá Keflavík. Páll hafði þá keypt ásamt Kristmundi Finnbogasyni og Ásgeiri Lúðvíkssyni fyrirtækið Sævík sem gerði út vélbátinn Vísi KE 70 og rak samnefnt fiskverkunarhús í Grindavík.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON
gugu@fiskifrettir.is

Upp úr þessu var Vísi hf. stofnaður í desember 1965 sem nú er eitt af stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum landsins. Saga Vísis nær þó lengra aftur í tímann. Páll Jónsson, faðir Páls Hreins Pálssonar og afi Páls Jóhanns, útgerðarstjóra smábáta Vísis og fyrrum alþingismanns, og Péturs Hafsteins, framkvæmdastjóra Vísis, átti bátana Fjölmi og Hilmir. Hann fórst með síðarnefnda bátinum í Faxaflóa árið 1943. Eiginkona hans, Jóhanna Daðey Gísladóttir, gerði Fjölmi áfram út til síldveiða og fiskflutninga í stríðinu allt þar til hann sökk eftir árekstur við enskt póstskip í lok stríðsins í mars 1945.

Fæddur á dánardegi afa síns

„Ég fæðist á dánardegi afa míns sem var raunar talinn af 26. nóvember en líkur benda til þess að hann hafi dáið degi fyrr, 25. nóvember, sem er afmælisdagur minn,“ segir Páll Jóhann. „Ég ber nafn afa og ömmu minnar, Jóhönnu Daðeyjar. Báturinn Hilmir var nýsmíði frá Akureyri og fór í raun aldrei á veiðar. Hann var notaður til vikurflutninga



Pétur Hafstein og Páll Jóhann með skipið góða sem faðir þeirra setti saman og notaði í útgerðarleik þeirra fæðga. Leikfangið líkist nýju skipi útgerðarinnar og er haft á orði að gamli maðrinn hafi gert líkan að nýsmíðinni strax árið 1965.

MYNDIR/JÓN STEINAR SÆMUNDSSON.



Nýr Páll Jónsson heldur á miðin stuttu eftir að hann kom til landsins.

frá Arnarstapa til Reykjavíkur og fórst í einni af þessum ferðum og afi með honum ásamt fleirum.“

Páll H. Pálsson útskrifaðist úr Stýri-mannaskólanum 1953 og sama ár keypti hann ásamt fleirum 100 tonna bát frá Stykkishólmi. Hann fékk nafnið Fjölmi-ir ÍS og var gerður út á línuveiðar frá

Á miðana hafði útgerðarmaðurinn skrifað ýmist „fullfermi“, „15 tonn“, „rifið“, „búmm“ sem þýddi enginn afli og þar fram eftir götunum. Menn þurftu að fara beinustu leið í land ef þeir fengu „rifið“.



Stjórn og starfsfólk Síldarvinnslunnar hf. sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilegar hátíðarkveðjur á sjómannadaginn



Síldarvinnslan hf. var stofnuð í Neskaupstað árið 1957 og þar eru höfuðstöðvar fyrirtækisins. Nú hefur Síldarvinnslan starfsstöðvar á fimm stöðum á landinu og á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að auka fjölbreytni starfseminnar og endurnýja mikilvæg framleiðslutæki. Á árinu 2019 öfluðu skip Síldarvinnslusamstæðunnar 138 þúsund tonna og framleiddi fyrirtækið um 80 þúsund tonn af afurðum. Starfsmenn samstæðunnar til sjós og lands eru um 360 talsins.

Síldarvinnslan og starfsfólk fyrirtækisins er stolt af góðum árangri á undanförunum árum. Árangurinn sýnir með ótvíræðum hætti að fyrirtækið er eitt þeirra sem eru í fararbroddi í íslenskum sjávarútvegi. Lögð hefur verið áhersla á að gera sem mest verðmæti úr þeim aflaheimildum sem til ráðstöfunar eru og bregðast við breytilegum aðstæðum með yfirveguðum hætti. Frá ári til árs breytast veiðiheimildir, sveiflur á mörkuðum geta verið miklar og jafnvel ófyrirsjáanlegar auk þess sem gengisþróunin er breytileg. Þá má gera ráð fyrir stóraföllum í sjávarútvegi sem nauðsynlegt er að bregðast strax við og er loðnubresturinn í ár og í fyrra gott dæmi um slík áföll. Með jákvæðu hugarfari tekst starfsfólki Síldarvinnslunnar að bregðast við hinum beytilegu aðstæðum eins og best verður á kosið og er ávallt staðráðið í að gera sitt allra besta.



Síldarvinnslan hf
www.svn.is



Gamli Páll Jónsson á útleið, en báturinn hefur reynst ákaflega vel um langt árabil.

Þingeyri. Árið 1963 keypti Páll línu- og humarbátinn Farsæl og gerði hann út frá Keflavík. Báturinn sökk ári síðar. Páll keypti, sem fyrr greinir, Sævík í Grindavík 1964 og þangað flutti fjölskyldan 1965.

Kastað á pappírsmiðana

Eftir flutninginn til Grindavíkur bjó fjölskyldan reyndar fyrst á verbúðinni með Íslendingum, Færeyingum og Grænendingum. Systkinin voru farin að vinna

í fiskvinnslunni um leið og þau gátu vettlingi valdið. Eftir fyrsta veturinn keyptu þau hjón fokhelt hús og þangað var flutt.

Leikurinn, sem upphaflega er minnst á, fólst í því að fjölskyldufaðirinn dreifði litlum pappírsmiðum á gólfinn út um allt hús. Systkinin eru alls sex og synirnir tveir, Páll Jóhann og Pétur. Þeir drógu skip sem þeir höfðu smíðað í smíðatímum í skólanum og köstuðu nótt á miðana. Á miðana hafði útgerðarmaðurinn skrif-

að ýmist „fullfermi“, „15 tonn“, „rifið“, „búmm“ sem þýddi enginn afli og þar fram eftir götunum. Menn þurftu að fara beinustu leið í land ef þeir fengu „rifið“. Skráð var niður hvað fékkst í hverjum róðri. Það sem skrifað var á miðana sneri niður svo það var tilviljunum háð hvað fékkst í hverju kasti. Það mátti fara á sjó og draga þrjá miða og talsverð keppni var milli bræðranna og fjölskylduföðurins. Páll Jóhann segir að í minningunni hafi



Vélbáturinn Vísir KE 70.

ADSEND MYND

hann alltaf fiskað meira en Pétur sem á móti heldur því fram að því sé þveröfugt farið. Sjálfur var útgerðarmaðurinn með bát sem hann hafði sagað út í snarhasti og skellt á brú. Þessi leikfangabátur hans þykir á einhvern undarlegan hátt minna vel á grunnformin í nýjum Páli Jónssyni GK, fyrstu nýsmíði Vísis hf. sem kom til landsins í janúar á þessu ári.

Líkan frá 1965 að nýsmíðinni

Nýr Páll Jónsson GK, sem heitir eftir afa þeirra Vísissystkina, var smíðaður í Gdansk í Póllandi. Þegar forsvarsmenn fyrirtækisins tóku við skipinu þar í landi var efnt til höfs með starfsmönnum skipasmíðastöðvarinnar. Við það tækifæri minnst Páll Jóhann á æskuleikina á heimili sínu í Grindavík og hlaut góðar undirtektir viðstaddra. Margir höfðu á orði, að leikfangabátur Páls H. Pálssonar, sem sonur hann Páll Jóhann hafði haft með sér í hófið, væri skemmtilega líkur nýsmíðinni. Haft var á orði að gamli maðurinn hefði þarna gert líkan að nýsmíðinni strax árið 1965.




Sendum öllum sjómönnum heillaóskir
í tilefni sjómannadagsins

iTUB er hagkvæmur valkostur fyrir útgerð og fiskvinnslu á leigu plastkera
með öryggi og gæði að leiðarljósi



23
til
25 sept
2020 Smáranum
Kópavogi
Íslandi

13.
Íslenska
sjávarútvegssýningin og
sjávarútvegsverðlaunin 2020



2020 Icefish: Stærsta kaupstefna um sjávarútveg á norðurslóðum

Íslenska sjávarútvegssýningin spannar allar hliðar sjávarútvegsins; frá fiskileit, veiði, vinnslu og pökkun, til markaðssetningar og dreifingar fullunnar vöru.

- Myndaðu tengsl við yfir þrettán þúsund alþjóðlega sérfræðinga á sviði atvinnuveiða og fiskvinnslu.
- Búðu til tengslanet við lykilmenn í greininni á sama stað í þrjá daga samfleytt.
- Komdu á og sæktu fyrirtækjastefnumót með markhópi þeirra gesta sem þú vilt hitta.
- Kynntu vörur þínar og þjónustu á fremstu sýningu Íslands á sínu sviði.
- Nýjung á sýningunni 2020: Sérstakt svæði helgað fiskvinnslu/sjávarréttum/virðisauka/fiskeldi og hliðarafurðum.



Hafið samband við skipulagsteymið okkar til þess að sýna, heimsækja eða styrkja sýninguna. Kiktu á Icefish.is/is
Hringdu í: +44 1329 825335
eða sendu okkur póst á netfangið: info@icefish.is



#2020Icefish

Skipulagt af:
mercatormedia³
magazines events online

Opinbert vörustjórnunarfyrtæki:

TVG-ZIMSEN

Fjölmiðill sem við eigum samstarf við:

WORLD FISHING
& AQUACULTURE
INFORMING THE GLOBAL FISHING INDUSTRY SINCE 1952

Opinbert íslenskt vikublað:

Fiskifréttir

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON
gugu@fiskifrrettir.is

Sigurjón fæddist í Neskaupstað 2. maí 1950, elsta barn hjónanna Ara Sigurjónssonar skipstjóra og Unu Stefaníu Jónsdóttur. Eins og var algengt í þá daga var Sigurjón í sveit sem barn. Fyrst á Héraði og síðan hjá ömmubróður sínum, Þórarni Guðnasyni, síðasta bóndanum á Vöðlum í Vöðlavík. Þar sló Sigurjón með dengdum ljá yfir hánóttina meðan döggin var enn í grasinu. Túnin voru þúfótt en það sagði bóndinn mikinn kost og taldi sig fá meira flatarmál út úr landinu með þúfóttum frekar en sléttum tünnum.

Á kassa við roðflettivél

Tíu ára var Sigurjón kominn á roðflettivél í frystihúsi kaupfélagsins í Neskaupstað. Hann stóð á kassa til að ná upp á vélina. Tólf ára gamall leysti hann fiskisala bæjarins af í einn mánuð. Þetta ár, 1962, sem áður og síðar, kom fjöldi erlendra síldarbáta til Neskaupstaðar; jafnt út af brælum og til að sækja vistir. Þegar Sigurjón hafði lokað fiskbúðinni skutlaði hann í norsku síldarbátana með ferska ýsu, þorsk og steinbít sem hann hafði sjálfur flakað. Vinnusemin var honum í blóð borin strax í barnæsku.

„Fyrir þremur árum var ég úti í Noregi og hitti þar Inge Halstensen, sem er einn umsvifamesti útgerðarmaður uppsjávarskipa þar í landi. Hann kvaðst hafa verið í Neskaupstað snemma á sjöunda áratugnum. Þar höfðu þeir keypt fisk af smávöxnum, kvikum strák sem hafði komið með fiskinn um borð. Þá upplýsti ég Inge um að þetta hefði örugglega verið ég. Það var hlegið dátt.“

Á daginn var unnið í fiski og á síldarplaninu að næturlagi. Talað var um að bjarga verðmætum og hugtök eins og barnaþrælkun þekktust ekki. Því hvað er það annað en barnaþrælkun þegar ungmennti vinna þriðjung úr sólarhringnum dag eftir dag? En það var sjálfviljug barnaþrælkun en á sama tíma fékkst mikil starfsreynsla sem hefur verið gott veganesti í ævistarfinu.

Á humar

Sigurjón var kominn til Hornafjarðar á humarvertíð 1966 með föður sínum, Ara Sigurjónssyni. Talað er um Ara sem frumkvöðul humarveiða frá Hornafirði. Hann gerði út Hafbjörgu NK 7 til veiðanna; 25 tonna eikarbát. Fimm sumur stundaði Sigurjón humarveiðar með föður sínum sem hafði verið á síðutogurum og þekkti vel til togveiða. Móðir hans, Stefánía netagerðarkona, lagfærði og útbjó straumlínulagað humartroll í þvottahúsinu á heimili þeirra hjóna. Ari mokveiddi humar í trollið.

„Eftir fyrstu vertíðina var minn hlutur verðgildi tveggja jeppa eftir þriggja mánaða úthald. En það var líka mikil vinna á bak við þetta. Við vorum með 30 tonn af slitnum humar eitt sumarið sem jafngildi um 100 tonnum upp úr sjó. Á þessum árum voru veidd allt upp í 6.000 tonn á ári, síðan um 4.000 og lengi vel 2.000 tonn. Nú má veiða 250 tonn sem sýnir glögg hvers konar hamfarir hafa orðið í humarstofninum.“

Hjá Fiskmati ríkisins

Á Hornafirði var Sigurjón farinn að gera hosur sínar grænar fyrir ungmeynni Margréti, dóttur Sigurðar Hjaltasonar, sveitarstjóra á Höfn um tveggja áratuga skeið. Hafa þau verið lífsförunautar síðan. Hornafjörður á því ramma taug í Sigurjóni. Skammt austan við Höfn, í Lóni



í Lónsfirði, eiga hjónin sumarhús í skógi vöxnu landi þar sem Sigurjón stundar áhugaveiðar á ál og silungi.

Sigurjón og Margrét urðu stúdentar frá Menntaskólanum á Akureyri 1971 og stefndi hugur Sigurjóns á nám í læknisfræði. Að endingu varð þó efnafraeðin fyrir valinu með verkfræði sem auka grein. Hann sá að þessar greinar gætu nýst sér í þeim fjölmörgu, óunnu verkefnum innan sjávarútvegsins þar sem öll fyrri reynsla hans lá.

Enga fyrirgreiðslu fékk hann hjá lánasjóð námsmanna. Tekjurnar af humarvertíðunum höfðu verið of háar. Honum bauðst hins vegar vinna hjá Fiskmati ríkisins sumrin '72, '73 og '74. Sturlaugur Daðason hjá SH og Halldór Gíslason, báðir efnaverkfræðingar, höfðu sett upp innan stofnunarinnar hreinlætis- og búnaðardeild. Farið var hringinn í kringum landið og öll

frystihús samtals um 100 talsins, voru tekin út í samræmi við tilmæli „rauðu bókarinnar“ sem gekk út á úrbætur með tilliti til hreinlætis og þrifnaðar í fiskvinnsluhúsum.

Rottugangur og máfaskítur

„Settur var kraftur í þessi mál vegna reglugerðar í Bandaríkjunum sem var að taka gildi. Það þurfti að gera talsverða bragarbót svo Íslendingar einfaldlega héldu sínum mörkuðum. Þarna hófst stóra byltingin í frystihúsunum. Mér var ekkert sérstaklega vel tekið. Ég var ungur maður. Menn vildu vita hvað ég vildi upp á dekk. Mér var sagt að ég hefði aldrei migið í saltan sjó. Ég svaraði bara fullum hálsi. Þegar ég horfi til baka til þessa tíma var það mikil reynsla að fara í gegnum frystihúsin. Við urðum að loka mörgum þeirra. Ég man að í einu húsaánum á samum við rottur inni á gólfi að gæða

Björn Margeirsson og Sigurjón Arason vinna við endurhönnun á fiskkössum fyrir ofurkældan, ferskan fisk. Björn var doktorsnemi Sigurjóns og er nú dósent við HÍ og rannsóknastjóri hjá Sæplast-Tempru.

MYND/TORFI AGNARSSON.

sér á fiski. Máfaskítur lak úr loftinu inn í afurðirnar og mygla var útbreidd í mörgum húsanum. Við notuðum innsiglin ansi grimmt þessi sumrin.“

Að loknu námi í HÍ hélt Sigurjón utan til framhaldsnáms í efnaverkfræði í Tækniháskólann í Kaupmannahöfn með áherslu á matvælavinnslu. Fyrri reynsla úr sjávarútvegi og hjá Fiskmati ríkisins reyndist honum gott veganesti. Hann vildi bæta enn frekar við þekkingu sína sem gæti þá síðar nýst honum í störfum heima á Íslandi. Talsvert valfrelsi var um áfanga og Sigurjón einbeitti að þeim sem lutu að vinnslu, líftækni, geymsluþoli og fleiri þáttum.

Engin leið að hætta

Lífsmottó mitt er einfalt; að vera þátttakandi í lífinu og láta gott af mér leiða með frampróun í huga,“ segir Sigurjón Arason, yfirverkfræðingur hjá Matís og prófessor í Háskóla Íslands sem nýlega varð sjötugur. Sigurjón er þekktur fyrir störf sín að rannsóknum sem snúa að sjávarútvegi og matvælavinnslu. Þær miklu framfarir sem hafa orðið í veiðum og vinnslu má að stórum hluta rekja til rannsókna hans og samstarfsmanna. Sigurjón lætur af störfum hjá Háskóla Íslands á árinu og verður prófessor emeritus og minnkar við sig vinnu hjá Matís en hyggst þó hvergi slá af.



EKKI SOFNA Á VERÐINUM

Láttu ekki ofpreyту sigla þér í strand. Svefnskortur er algeng orsök slysa á sjó. Gætum þess að fá næga hvíld og vökum yfir öryggi okkar.



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
Siglingaráð

Samgöngustofa

Dæmi um ávinning af slíku samstarfi var ný vinnsluaðferð á saltfiski sem skilaði mun verðmætari afurðum.

Til Rf og HÍ

Að námi loknu starfaði Sigurjón um tveggja ára skeið í Danmörku. Fyrst hjá Niro Atomizer (nú GEA) sem framleiðir m.a. úðaþurrkara sem mikið eru notaðir í tengslum við líftækni og til að framleiða mjólkurduft og fiskiduft. Í framhaldinu starfaði hann hjá fyrirtækinu Atlas sem framleiðir fiskmjólsverksmiðjur, frostþurrkara og þurrkverksmiðjur fyrir viðskiptavinum víða um veröld. Þar vann hann sig upp í stöðu yfirmanns tæknideildar.

„Um þetta leyti hringdi í mig Björn Dagbjartsson, sem þá var forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Rf, og bauð mér að taka við tæknideildinni hjá stofnuninni. Ég þáði það og hélt strax heim en skildi konuna mína eina eftir ásamt dóttur okkar í Danmörku. Konan var þar við nám í iðjuþjálfun. Þetta var í lok september 1978 og fljótlega eftir heimkomuna fæ ég annað símtal, nú frá Valdimar Kr. Jónssyni prófessor sem segir mér að ég eigi að vera byrjaður að kenna í Háskóla Íslands. Valdimar sagði að Björn hefði fullvissað sig um að ég tæki að mér námskeiðin í fiskiðnaðartækni. Þar með hóf ég kennslustörf í háskólanum sem ég hef nú sinnt samfleytt í 42 ár.“

Þegar sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hóf starfsemi var leitað til Sigurjóns og hann beðinn um að kenna við deildina. Honum rann blóðið til skyldunnar sem MA-ingur og var því við kennslustörf í HÍ og HA meðfram störfum hjá Rf og síðar Matís.

Þurrkklefar hannaðir

Fyrsta verkefni Sigurjóns hjá RF var að rannsaka nýtingu á kolmunna og auka- hráefnum sem þá kölluðust fiskúrgangur. Á þessum árum voru á landinu á bilinu 40-50 beinamjólsverksmiðjur. Í þeim var allur afskurður og önnur verðmæt aukahráefni unnin í beinamjól sem lágt verð fékkst fyrir.

Hausarnir voru hengdir upp utanhúss til þurrkunar. Sigurjón hafði hannað þurrkklefa hjá Atlas í Danmörku og fannst rakið að aðlaga hann þannig að nýta mætti jarðvarmann á Íslandi til þess að þurrka þorskhaus. Í sjávarútvegsráðherratíð Kjartans Jóhannssonar fékkst 150 milljóna króna styrkur til þess að byggja færribandaþurrkara sem er prótótýpan fyrir þá þurrkara sem seinna voru smíðaðir. Þeir eru nú orðnir hátt í 20 talsins á Íslandi. Lausnir felst í því að geta stýrt hitastigi og loftraka og ná fram betri orkunýtingu. Í samstarfi við Björgvin Ólafsson var sett upp verksmiðja í Hafnarfirði með færribandaþurrkara byggðan á hönnun Sigurjóns. Ári síðar hannaði hann þurrkklefa út frá sömu grunnhugsun í samstarfi við Þorstein Ingason sem var settur upp á Laugum í Reykjadal árið 1980. Fyrirtækið var Stokkfiskur sem síðar fékk heitið Laugafiskur.



Sigurjón Með Magneu Karlsdóttur og Jóhanni Gunnarssyni að skoða gæði saltfisks í pæklunarkerfi hjá Þorbirninum.

MYND/KRISTINN INGVARSSON.



Á alþjóðaráðstefnu í Nha Trang í Vietnam. Tveir doktorsnemar Sigurjóns, Huong og Minh, eru nú kennarar við Háskólann í Nha Trang. Verkefni Huong fjallaði um geysmlupól á frosinni síld og karfa en verkefni Minh snerist um notkun á fjölfosfötum í saltfiski.



Unnið að verkefni sem snerist um þurrkun og reykingu fisks í Kigoma í Tansaníu. Þar hélt Sigurjón einnig námskeið á vegum Sjávarútvegsskóla Brúnarímiðstöðvar UNESCO.

Keravæðingin

Um svipað leyti lagðist Sigurjón ásamt Herði Jónssyni frá Iðntæknistofnun og Ástþór Ólafssyni iðnhönnuði, sem báðir eru látnir, yfir hönnun nýrra fiskikassa. Þeir kassar sem voru algengastir voru ekki nema 86 cm á lengd en fiskurinn sem fer í kassann getur auðvitað verið yfir einn metri á lengd.

„Samkvæmt lögum mátti fisklag í hillum lestanna ekki fara yfir 60 cm. Endaafurðin var því kassi sem var 60 cm djúpur og grunnflöturinn 1,2x1 m. Plaster með þessari hönnun eru víðast hvar enn í notkun 40 árum síðar með þeim breytingum þó að dýpt þeirra fór úr 60 cm í 46 cm, úr 600 lítra kerjum í 460 lítra

ker. Með tilkomu kerjanna stýttist landlega skipanna, minni mannskap þurfti við löndun og gæði afurðanna jukust stórlega.“

Náði samstarf háskólasamfélagsins og sjávarútvegsfyrirtækja hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Sigurjón hefur „ungað“ út fjölda nemenda bæði á meistara- og doktorsstigi og hann segir þessa útskrifuðu nemendur vítamínsprautu fyrir íslenskan sjávarútveg. Í stað þess að ljúka verkefnum sínum við háskóla erlendis hafa þeir gert það við Háskóla Íslands. Sigurjón hefur séð til þess að tengja verkefnið ávallt beint út í sjávarútvegsgeirina. Fræðin og iðnaðurinn hafa því lengi átt góða samleið hér á landi.

Saltfisksigurinn

„Dæmi um ávinning af slíku samstarfi var ný vinnsluaðferð á saltfiski sem skilaði mun verðmætari afurðum. Tveir af mínum fyrstu doktorsnemum unnu að þessu verkefni í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki og undir minni handleiðslu. Við skoðuðum hvaða áhrif dauðastirðnun hefur á vinnslu saltfisks. Nýtingin er lakari ef fiskur er unninn í saltfisk fyrir dauðastirðnun. Nýtingin hafði verið um 44% og þótti bara nokkuð góð. En ef fiskurinn var unninn eftir dauðastirðnun fór nýtingin í 48-50%. Þegar aðrir ferlar voru stilltir af var nýtingin jafnvel komin upp í 57%.“

Verkefnið var unnið í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki, þar á meðal Vísi, Þorbjörninn, Skinney-Þinganes og fleiri. Aukin nýting skilaði mörgum milljörðum króna á ári í auknar útlutningstekjur. Við skoðuðum líka best borgandi markaðina, eins og Spán og Ítalíu og þessi aukna nýting skilaði sér vel inn á þessa markaði. Þeir vilja hvítari fisk, þ.e.a.s. fisk sem er látinn blæða betur. Einnig vildum við koma í veg fyrir að fiskurinn þrænaði en við það verður hann gulur og brúnn. Það vilja Spánverjar og Ítalir ekki sjá.

Við skoðuðum notkun fjölfosata við saltfiskvinnslu til að varðveita hvíta litinn í þorskinum. Þetta var á árinu 2004. Annar og þriðji doktorsnemandi minn voru með mér í þessu. Fjölfosöt eru óvirk þegar saltstyrkurinn er orðinn þetta mikill þannig að við vissum að þau hefðu engin áhrif á nýtingarstuðulinn eða gæðin. Árið 2010 gaf MAST og Matvælastofnun Evrópu það út okkur að óvörum að ekki væri leyfilegt að nota fjölfosöt við vinnslu á saltfiski. Það væri bannað samkvæmt reglugerðum Alþjóðamatvælastofnunarinnar. Við sögðum að fjölfosötin væru tæknileg hjálparefni en þeir vildu meina að þau væru aukaefni. Við fórum út til Brussel til þess að tala okkar máli. Þar var okkur tjáð að það myndi taka okkur tíu ár að ná fram breytingu á afstöðu ESB. Við funduðum í janúar og lögðum fram niðurstöður úr verkefnum doktorsnemenda sem höfðu rannsakað virkni þessara efna og birt niðurstöður í ritrýndum erlendum vísindaritum á þessum tíma og það var eins og við manninn mælt; okkur var sagt að málið væri auðunnið fyrir okkur. Þessi rannsóknavinna gerbreytti viðhorfi ESB. Á

SJÓMENN, TAKK FYRIR OKKUR

Akraborg óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju

með sjómannadaginn!



Sigurjón slægir ál sem hann ræktar í Lóni í Lónsfirði.

endanum samþykktu allir þessa aðferð nema Frakkar.“

Grænt ljós kom frá ESB á notkun fjölfosfata sem þrávarnarefnis 31. desember 2013. Það tók því ekki tíu ár að ná þessu í gegn heldur þrjú. Fyrir vikið gátu Íslenskir saltfiskframleiðendur framleitt hvítan saltfisk í fyrsta verðflokki eins og spænski og ítalski markaðurinn kallaði eftir.

Geymsluþol úr 6 í 12 daga

Í framhaldinu brast á með ferskfiskbyltingu á árunum 2004-2005. Íslenskir

fiskframleiðendur fundu vel borgandi markaði fyrir ferskan fisk, flök, flakabita og hnakka, jafnt í Evrópu og Bandaríkjunum. Flutningsleiðir sjóleiðis og með flugi. Eftirspurn var góð og fór vaxandi. Við blöstu verkefni fyrir Sigurjón og teymi hans. Einn doktorsneminn fékk það verkefni að skoða þakningar, annar geymsluþol og sá þriðji hvernig ofurkæling gæti komið að gagni. Allt var unnið í nánú samstarfi við greinina.

Það blasti við að auka þurfti geymsluþolið úr sex dögum í tólf daga, ekki síst með tilliti til sjóflutninga. Þess vegna

Samspil sjávarútvegsins og háskólasamfélagsins hefur verið algjör umbylting fyrir greinina.

þurfti að endurhanna alla ferlana. Af raksturinn af þessum rannsóknum voru til að mynda byltingarkenndir frauðplastkassar með ávölum hornum í stað kantaðra horna sem einir sér lengdu geymsluþolið um tvo daga.

Á þessum tíma er AVS-rannsóknasjóðurinn (Aukið verðmæti sjávarfangs) farinn að úthluta myndarlegum styrkjum til framfara- og rannsóknaverkefna. Sigurjón segir sjóðinn hafa hraðað verulega allri nýsköpun sem varð í greininni.

„Mörg verkefni minna nemenda eru fjármöggnuð af AVS-rannsóknasjóðnum og þar með hefur greinin sjálf stjórnað þessari þróun að miklu leyti. Samspil sjávarútvegsins og háskólasamfélagsins hefur verið algjör umbylting fyrir greinina. Þetta þekkist ekki í sama mæli hjá öðrum þjóðum. Erna Solberg, núverandi forsætisráðherra Noregs, kom hingað þegar hún var sjávarútvegsráðherra og kynntist fyrirkomulagi okkar af eigin raun. Heim komin sendi hún atvinnu-málanefnd norska stórþingsins hið

snarasta til Íslands sem heimsótti meðal annars Matís til þess að fræðast nánar um fyrirkomulagið. Norðmenn eru fljóttir að tileinka sér þekkingu og eru nú á fleygiferð í allri framþróun og nýsköpun. Þeir leggja auk þess margfalt hærra upphæðir til slíkrar uppbyggingar en nokkru sinni er gert hér á landi.“

Verðmæti úr 8 í 28 milljarða

Undir handleiðslu Sigurjóns hefur hópur doktorsnema lagst í rannsóknir á nýtingu uppsjávartegunda. Skýrt dæmi um árangur á þessu sviði er vinnsla á makríl sem talin var ógerleg þar sem hold hans er svo laust í sér þegar hann er veiddur á Íslandsmiðum. Makrillinn kemur hingað grindhóraður með 10% fitu en étur sig upp í 30% fitu á þremur til fjórum vikum. Rannsóknirnar leiddu í ljós að með því að kæla fiskinn niður í mínus 1,5-1,8 gráður var unnt að vinna makríl af Íslandsmiðum til manndis. Nú eru framleidd yfir 8.000 tonn af makrílflökum á Íslandi svo dæmi sé tekið. Útflutningsverðmæti makrils fór við þetta úr um 8 milljörðum króna á ári í 28 milljarða á einu ári.

Sigurjón segir verkefni framundan sem tengjast sjávarútvegi óþrjúandi. Mikil þörf sé auknu fjármagnni inn í rannsóknir og nýsköpun sem skilamunu þjóðarþúinu auknum útflutningstekjum.

„Það er því mjög erfitt að slíta sig frá þessu. Verkefni eru spennandi, mannaðurinn mikill, iðnaðurinn áhugasamur og tækifæri til framfara á hverju strái. Það er engin leið að hætta.“

Allt fyrir ferskleikann

60x40 kassalínan frá Tempra er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol



10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:

- * aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- * stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubretti
- * vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- * lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- * meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- * rúnnað hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- * breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- * betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.

TEMPRA
einangrun – umbúðir





Í sumar keyptum við
Habasit lagerinn af IBH og
bjóðum nú enn meira úrval
reima en áður.



GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Bátavernd á Íslandi



Annars flokks fornminjar

Gamlir bátar hér á landi liggja víða undir skemmdum, margir hverjir með merka sögu. Helgi M. Sigurðsson vonar að skráin ýti við eigendum og muni stuðla að bættri bátavernd hér á landi.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Fornbátaskrá með upplýsingum um 190 báta, samtals 828 blaðsíður, var gefin út í vetur á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna. Flestir

bátarnir eru í eigu safna en um 10% eru í einkaeigu. Inn í skrána vantar dálftinn fjöldi báta í einkaeigu og stendur til að bæta úr því sem fyrst. Fjöldi ljósmynda er í skránni ásamt ítarlegum upplýsingum um bátana, ástand þeirra og sögu. Enn fremur er lagt mat á varðveislugildi hvers báts.

„Skráin mun vonandi stuðla að bættri bátavernd og auðvelda alla vinnu við ákvarðanatök um hvað æskilegt sé að varðveita til framtíðar og hvað ekki,“ segir í inngangi skrárinnar. Hún er birt á vefnum batasmidi.is, alls 28 skýrslur á pdf-formi.

„Þeir liggja ansi margir undir skemmdum,“ segir Helgi Máni Sigurðs-



Helgi Máni Sigurðsson, sérfræðingur á Borgarsögusafni Reykjavíkur, tók saman megnið af fornbataskránni.

MYND/ADSEND

son, aðalhöfundur fornbataskrárinnar. Hann tók meðal annars fjöldann allan af ljósmyndum af bátum til að sýna ástand þeirra. „Ég er svolítið að draga þetta fram, taka myndir af ástandinu til að ýta á eigendur öðrum þræði til þess að sinna þessum bátum. Stundum er það þannig að einhver tekur við bát og hættir svo hjá safninu nokkrum árum seinna og þá kemur einhver annar sem hefur ekki áhuga á bátnum.“

Vanræksla

Helgi hefur starfað við sjóminjar í ein sautján ár, fyrst sem starfsmaður Sjóminjasafnsins í Reykjavík frá árinu 2003 og síðan á Borgarsögusafni eftir að

Sjóminjasafnið sameinaðist því. Hann er einnig formaður Sambands íslenskra sjóminjasafna. Hann segir að málefni fornþáta hafi þar verið efst á baugi og satt að segja sé staðan á þeim málum frekar bágborin. Þau hafi verið vanrækt. „Kerfið hefur ekki náð til fornþáta. Það er eins og þeir skipti ekki máli. Til dæmis er enginn aðili hérlendis sem hefur eftirlit með stöðu fornþáta,“ segir Helgi. „Það má eiginlega skilja það þannig að þetta séu annars flokks minjar.“

Kostnaður við varðveislunni gamalla báta er töluverður en nánast engir sjóðir til sem hægt er að leita í. Fornminjasjóður er reyndar til, en hann er ætlaður í

fornminjar og fornleifarannsóknir almennt. Úr honum er úthlutað ríflega 40 milljónum króna ár hvert, og þar af hafa verkefni tengd fornþátum fengið um 5%.

„Okkur var skotið inn í lögin árið 2012 án þess að sá sjóður væri stækkaður. Það var bara til málamynda gert því sjóðurinn er ekki fær um að fara eftir þessum lögum. Hann stendur sig ekkert vel gagnvart fornleifunum heldur. Einn alvöru fornleifagröftur slagar hátt upp í þessa upphæð.“ Hann segir erfitt að átta sig á því hvers vegna fornþátum og varðveislun þeirra hafi ekki verið gerð betri skil hér á landi.

„Það eru mörg rök sem styðja það að við ættum að leggja rækt við þennan arf. Einfaldlega vegna þess hve sjósókn, flutningar, ferðalög og önnur notkun báta og skipa hefur verið nauðsynleg til að lifa af á þessari eyju sem við búum á.“

Samkvæmt lögnum miðast varðveisla við árið 1950. Bátar eldri en það teljast til fornminja, en Helgi telur þetta ártal ekki vera neitt aðalatriði. „Að okkar mati er ekki rétt að miða við ártalið 1950 og raunar einnig strangt við árið 1970. Norðmenn miða við 50 ár og ef við færum til ársins 1970 þá mundu nokkuð margir bátar bætast þar við, jafnvel of margir. Varðveislugildi báts er alltaf matsatriði, þar kemur aldur inn í en einnig fleiri þættir.“

/// Það er samt ekki nóg að taka bát og ákveða að hann skuli geymast. Það þarf að vera hægt að varðveita hann, hafa fjármuni til þess og húsnæði.



EGERSUND ÓSKAR
SJÓMÖNNUM
OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

Hafnargata 2, 735 Eskifjörður – Grandagarður 16, 101 Reykjavík
egersund@egersund.is
egersund.is



Egersund
Island
PART OF EGERSUND GROUP

Bátavernd á Íslandi

/// Menn hafa verið svolítið duglegir að safna bátum, frá svona 1990, en þeir eru ansi margir sem eru ekki í góðu ástandi eða ekki geymdir við góðar aðstæður.

Áhuginn að aukast

Hann segir áhuga almennings á fornbatum reyndar hafa aukist mikið á seinni árum. Fleiri eru farnir að láta í sér heyra. „Það er hreyfing á þessu og maður er bjartsýnn á að þetta þokist áfram heldur hraðar en það hefur gert. Það er samt ekki nóg að taka bát og ákveða að hann skuli geymast. Það þarf að vera hægt að varðveita hann, hafa fjármuni til þess og húsnæði. Það eru ansi margir eigendur báta, bæði söfn og einstaklingar, sem hafa ekki burði til að varðveita þá. Þess vegna erum við líka að gagnrýna það að framlög til bátavarðveislu hafa verið sáralítill.“

Helgi segir vissulega stundum mögulegt að leita annað eftir fjármagni. Faxaflóahafnir hafi til dæmis verið

að styrkja Sjóminjasafnið í Reykjavík nokkuð myndarlega og nokkur bæjarfélög hafi lagt fé í varðveislu báta.

„Það er samt dálítið misjafnt og fer eftir því hverjir eru í bæjarstjórn á hverjum stað. Menn hafa verið svolítið duglegir að safna bátum, frá svona 1990, en þeir eru ansi margir sem eru ekki í góðu ástandi eða ekki geymdir við góðar aðstæður.“ Almennt er viðurkennt að til þess að varðveita báta svo vel fari þurfi þeir annaðhvort að vera undir þaki eða í notkun á sjó. Bátar sem geymdir eru á landi óvarðir, undir berum himni, grotna niður býsna hratt.

„Það er talað um að á fimm árum stórsjái á bát ef ekkert er gert fyrir hann. Hús þola kannski vanrækslu á viðhaldi í 20 ár en bátar þurfa að vera í notkun eða vera undir þaki. Ef fjár-

munir eru takmarkaðir, eins og alltaf er, er síðan margfalt ódýrara að setja þá undir þak.“

Víða um land, sennilega mun víðar en margir gera sér grein fyrir, hafa gamlir bátar reyndar verið gerðir upp og eru varðveittir á byggðasöfnum og öðrum söfnum. „Þetta eru samt mest minni bátar, arabátar. Stærri bátarnir, dekk-uðu bátarnir, eiga mun frekar undir högg að sækja. Það verður alltaf dýrara að standsetja þá og viðhalda þeim.“

Helgi segir að í nágrennalöndum okkar, Danmörku og Noregi, hafi bátar og skip einnig setið á hakanum miðað við aðrar minjar þangað til fyrir 20 til 30 árum þegar gert var átak í þessum málum þar. „Þetta er komið í mjög gott horf í þessum löndum núna, og eitt-hvað svipað þarf að gerast hér.“



Tveir bátar með merka sögu, Sædis ÍS 67, sem er fjar á myndinni, og Tóti ÍS 10, eru nú geymdir á Byggðasafni Vestfjarða á Ísafirði.

MYND/GB

Hreyfingar vart á þingi

Málefni fornþátta hafa verið í ólestri hér á landi, eins og fram kemur í máli Helga M. Sigurðssonar. Jafnvel sögufrægir og markverðir bátar hafa grotnað niður hver á fætur öðrum án þess að nokkuð væri reynt að sporna gegn því.

Undanfarna áratugi hefur nokkrum sinnum verið hreyft við þessu máli á þingi og nú í vetur voru lagðar fram tvær þingsályktunartillögur. Báðar hafa þær verið ræddar og sendar áfram til allsherjar- og menntamálanefndar.

Önnur tillagan er um „verndun og varðveislu skipa og báta“ og gengur út á að skipaður verði starfshópur sem geri úttekkt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta. Jafnframt geri þessi starfshópur tillögur að úrbótum innan árs og finni fjármögnunarleiðir.



Hin tillagan er um „viðhald og varðveislu gamalla báta“ og gengur út á að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóður þessi fái árleg framlög af fjárlögum og jafnframt verði stuðlað að því að sjávarútvegurinn taki þátt í þessu verkefni.

Óvíst er hver afdrif þessara tillagna verða. Öllum þingstörfum, öðrum en þeim er snerta heimsfaraldurinn sem nú geisar, hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Dísirnar og Tóti

Sædis ÍS 67 er ein af Dísunum sem smíðaðar voru stuttu fyrir seinni heimsstyrjöldina.

Um Dísirnar segir í Fornbátaskránni: „Á árunum 1938 og 1939 lét Hlutafélagið Njörður smíða fyrir sig fimm skip, um 15 brl. að stærð, í Skipasmíðastöð Bárðar G. Tómassonar og var Sædis eitt þeirra. Sjötta skipið var síðan smíðað árið 1943. Þessi skip gengu undir nafninu dísirnar því að nöfnin á þeim enduðu öll á dís. Sædis ÍS 67 var sú fyrsta.“

Byggðasafnið metur sögulegt gildi bátsins talsvert. Fyrir því eru ýmsar ástæður, m.a. að dísirnar voru hannaðar og smíðaðar á Ísafirði og voru burðarásar í atvinnulífnum á staðnum í fjölda ára.“

Um Tóta segir:

Tóti ÍS 10 var smíðaður í Bolungarvík árið 1930. Smíður var Falur Jakobsson.

Um Tóta segir í Fornbátaskránni: „Tóti var notaður bæði til fiskveiða og flutninga. Hann var fyrsti báturinn sem Einar Guðfinnsson útgerðarmaður í Bolungarvík lét smíða fyrir sig. Hann var gerður út frá Bolungarvík til ársins 1947 og í notkun við Djúp allt til ársins 1968 en hann var dæmdur ónýtur. Steingrímur Pétursson bóndi frá Hjöllum í Skötufirði afhenti hann Byggðasafni Vestfjarða árið 1987.“

Núverandi ástand Tóta er mjög bágborið og viðgerð má ekki dragast mikið lengur. Tóti er orðinn mjög fúinn og er að grotna niður í orðsins fyllstu merkingu þar sem eyðingaröflin vinna hratt á honum.“



Til hamingju með daginn sjómenn

Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.



Ljósmynd: Bergþór Gunnlaugsson

Rafrænt verkfæri í öryggismálum sjómanna

ATVIK-sjómenn er fullkomið atvikaskráningakerfi sem VÍS hefur þróað í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna og nokkur leiðandi fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi.

Á fjórða tug fiskiskipa og um 800 sjómenn hafa aðgang að **ATVIK-sjómenn**.



Bátavernd á Íslandi



Hrólfur Gautreksson er enn í viðráðanlegu ástandi.
MYND/HELGI MÁNI SIGURÐSSON

Hvalbátarnir í fjörunni

Hvalbátarnir Hvalur 6 og Hvalur 7 voru smíðaðir í Englandi á árunum 1943 og 1944, sennilega eftir sömu teikningu en þó er annar þeirra litlu stærri og lengri.

Bátunum var báðum sökk í Reykjavíkurbörn árið 1986. Þar voru að verki liðsmenn Sea Shepherd samtakanna.

Um Hval 6 segir í Fornbátaskránni: „Hann var gerður út til hvalveiða í Suðurhöfum á vegum breskra aðila á árunum 1946-1961. Frá 1962 til 1985 var hann gerður út frá Miðsandi, Hvalfirði. Skráð heimahöfn var Reykjavík.

Hval 6 var sökk árið 1986, eins og Hval 7. Í ágúst 2011 dró Magni Hval 6 og 7 upp í Hvalfjörð á stórstraumsflóði. Þar var þeim lagt í fjöru skammt frá hvalstöðinni, sitja þeir þar stöðugir á klöpp. Um 100 tonnum af vatni var dælt í

hvorn bát og þeir tengdir við hitaveitu og rafmagn. Fyrirhugað er að þeir verði hluti af hvalveidisafni.

Báturinn fékk gott viðhald meðan hann var í notkun. Þegar honum var sökk, 1986, var honum lyft upp aftur eins fljótt og mögulegt var og dælt úr honum. Síðan var lögð áhersla á að hreinsa og þurrka upp vélarúm, lestir og annars staðar neðan þilja. Þá voru katlarnir kyntir og vélarnar ræstar, sem gekk vel.

Sennilega hefur mjög lítið verið gert fyrir bátinn eftir 1986, m.a. vegna þess að hvalveiðibann var í gildi í 14 ár þar á eftir, frá 1989. Trúlega er fyrirhugað að mála hann og ryðverja þegar og ef hvalveidisafn verður opnað.“



Hvalur 6 og Hvalur 7 í fjörunni í Hvalfjarðarbotni, steinsnar frá Hvalstöðinni en í hvarfi frá þjóðvegnum. Hvalur 6 er fjær.

MYND/HELGI MÁNI SIGURÐSSON

Meðal elstu vélbáta landsins

Hrólfur Gautreksson eða Gauti eins og hann var jafnan kallaður, var smíðaður árið 1906. Um hann segir í Fornbátaskránni:

„Þetta er líklega merkilegasti bátur Austfjarða. Hann er meðal elstu vélbáta landsins og í viðráðanlegu standi. Báturinn virðist hafa verið vel smíðaður og vel staðið að viðhaldi á honum því að hann var gerður út í tæpa sex áratugi.

Eftir að bátunum var lagt, 1965, var líftið gert fyrir hann til að byrja með. En síðan kom að því að hann var gerður upp af bænum, 1988-1990, og smíðað á hann nýtt stýrishús. Því mun ekki hafa verið fylgt nægilega vel eftir, hann var ekki málaður reglulega næstu árin, mun hafa verið málaður alls þrisvar, síðast af nemendum vinnuskólans árið 2017. Og sjaldan eða aldrei var breitt yfir hann yfir veturinn.

Árið 2017 var báturinn aftur orðinn svo fúinn að ekki þótti óhætt að hafa hann lengur út.

Einhverjar raddir heyrðust þá um að það ætti að henda honum. Að mati Guðmundar Sveinssonar, afgreiðslumanns og bátaáhugamanns, var það fráleitt, báturinn hafi komið ári eftir að vélbátaöld hófst í Neskaupstað (fyrsti báturinn hét Fram, 1905). En honum kom á óvart hve fljótt báturinn fúnaði, hann veltir fyrir sér m.a. hvort hann hafi verið gerður of þéttur, það hafi ekki loftað nægilega um hann.

Jens, bátasmiður á Fáskrúðsfirði, einn fárra trébátasmiða sem eftir eru á fjörunum, skoðaði bátinn og komst svo að orði að hann væri ekki eins slæmur og hann virtist. Ljóst er þó eftir stutta skoðun undirritaðs að bátinn má ekki setja út hér eftir. Hins vegar ef hann er hafður inni þá dugir að skrapa hann og mála og gera við dekkið í fyrstu umferð. Og setja aftur saman stýrishúsið sem sagað var í sundur til að koma bátunum inn þar sem hann er núna.“

SJÓ- OG KRAPALAGNIR



- Fyrir flutning á kældum vökva t.d. sjó, krapa og glycol
- Tæríst ekki, þolir ætandi efni
- Polir -30° til $+40^{\circ}$
- Mjög höggþolið, 120 jul við -20°
- Límt saman
- Brunastaðall M1, viðurkennt af Brunamálastofnun

Vertu í sambandi við sérfræðinga hjá Lofti og Raftækjum og fáðu ráðleggingar.

Einnig er mikið úrval af:

Loftlokum	Fittings (kopar, Plast)
Loft slöngum	Thema 1300, 1400, 1800 og Euro kúplingar
Tjakkar, ryðfrýtt og ál	Pex rör
Loftpressur	Áplast
Síur í skrúfupressur	Ryðfrí rör, press
Neysluvatnslagnir	Carbon rör, press
Loftlagnir	Einangrun á rör




Bátavernd á Íslandi

Komst undan þýskum kabþáti

Skaftfellingur VE 33 var smíðaður í Danmörku og keyptur til landsins árið 1918. Um hann segir í Fornbátaskránni: „Skaftfellingur á sér merka sögu. Hann er eitt fárra flutningaskipa í fornbataskránni. Segja má að skipið sé hryggðarmynd. En þess merkilegra er að Mýrdælingar skuli hafa ákveðið að varðveita hann. Á Íslandi vex mönnum í augum að varðveita svona skip vegna kostnaðarins sem því fylgir að gera þau upp. En það er ekki alltaf nauðsynlegt að gera þau upp. Skaftfellingur má varðveita eins og hann er. Dæmi um slíkt eru nokkur í nágrennalöndunum. Skaftfellingur flutti vörur og farþega frá Reykjavík til Vestmannaeyja, þaðan til Víkur og þaðan að Skaftárósi og að Hvalsíki. Tvisvar til þrisvar á ári fór hann alla leið austur undir Öræfi. Oft var sjólag við sandana það slæmt að Skaftfellingur varð að bíða í Vestmannaeyjum í marga daga eftir að fært yrði til Víkur og austar. Skaftfellingur var aðallega í siglingum á sumrin og fram í miðjan október, þegar sláturtíð lauk. Þá var bátnum að jafnaði lagt ef ekki var hægt að leigja hann út til flutninga á vegum annarra. Eftir stríð, 1945, var Skaftfellingur notaður til flutninga milli hafna á Íslandi og í lokin sem fiskiskip. Siglingasögu hans lauk 1963, var hann þá færður í slipp og afskrifaður árið 1974. Hann var í slippnum allt til ársins 2000 þar sem hann stóð af sér sól, regn og frost. Árið 2000 var Skaftfellingur hreinsaður og settur undir segl og árið eftir var hann fluttur til Víkur í Mýrdal til varðveislu.

Mesta frægðarverk áhafnar skipsins á stríðsárunum var björgun þýskra kabþásmanna í ágúst 1942. Þá komst Skaftfellingur einnig undan þýskum kabþáti sem skaut að skipinu nokkrum vikum eftir björgun áhafnar kabþátsins.”



Skaftfellingur VE er hið eina sem eftir er af fjórum flutningaskipum sem Íslendingar keyptu í fyrri heimsstyrjöldinni.

MYND/HELGI MÁNI SIGURÐSSON



Eftir stríð, 1945, var Skaftfellingur notaður til flutninga milli hafna á Íslandi og í lokin sem fiskiskip. Siglingasögu hans lauk 1963, var hann þá færður í slipp og afskrifaður árið 1974.



Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111



YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite
electric



Poly Flex
AUSTRALIA



Navalloy



MAESTRINI



SIMRAD

Siglinga og fiskileitartæki



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri



Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Dýptarmælar

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir á sjómannadaginn.

SJÓMANNADAGURINN 2020

SJÓMENN, TIL HAMINGJU!



VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna
óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn



Þá var mokveiði og humarinn stór

Auðlindir Íslands eru margar. Ein þeirra gjöfulustu er hafið umhverfis 6.000 kílómetra strandlengju eyjunnar í norðri sem nýtur góðs af hafstraumum þar sem mætast skil hlýsjávar úr suðri og kaldsjávar úr norðri. Kjörin skilyrði til uppvaxtar sjávardýra af ýmsu tagi sem hetjur hafsins allt í kringum landið hafa nýtt sér til að færa björg í bú. Ein þeirra er Ólafur Björn Þorbjörnsson skipstjóri og nú útgerðarstjóri á Höfn í Hornafirði.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON
gugu@fiskifrattir.is

Ég fór fyrst á sjó ellefu ára gamall. Næstum 60 árum seinna fór ég að vinna í landi," segir Óli. Hann gerir út Sigurð Ólafsson SF 44 og sonur hans, alnafni langafa síns, Sigurður Ólafsson er skipstjóri. Óli man tímuna tvenna, ekki síst hvað varðar humarveiðar á árum áður. Hann hefur líka sterkar meiningar þegar kemur að hrúni humarstofnsins við Ísland. Óli er þó hvergi banginn hvað varðar framtíðarhorfur í íslenskum sjávarútvegi.

Einars þáttur ríka

Útgerð Sigurðar Ólafsson hefur átt tvo báta með þessu nafni. Sá fyrri var trébatúr smíðaður í Danmörku sem Einar ríki Sigurðsson í Vestmannaeyjum átti en þeir eignast hann árið 1972. Báturinn



Sigurður Ólafsson SF 44 er eitt elsta skipið í íslenska fiskiskipaflofanum.



hét þá Þerney KE 33. Útgerðin hafði ekki átt bátinn nema í tvo mánuði þegar eldur kom upp í honum í Hornafjarðarhöfn.

„Það brann allt fram í honum og það tók um hálf tveggja ár að gera við hann. Þetta var vont högg og við gátum auðvitað ekki borgað af honum. Heiðursmaðurinn Einar ríki kom með þá tillögu að við settum fyrstu greiðslurnar aftur fyrir allt saman. Þannig var það gert í þá daga. Einar sá sem var að það koma engir peningar ef ekki er farið út á sjó.“

Fyrst á sjó 11 ára

Óli var ellefu ára gamall þegar hann fór fyrst á sjó og svo 12 ára á síldveiðar á Akureyri SF 52 austur og norður fyrir land. Þetta var sumarið 1961. Í framhaldinu var hann á snurvoð í tvö sumur. Hann fór á fyrstu vetrarvertíðina 1963. Hann var svo tvo vetur í Stýrimannaskólanum og útskrifast þaðan 1969 og var síðan óslitið til sjós þar til hann settist kom í land 2017 og vinnur núna við útgerðina í landi.



Ólafur Björn Þorbjörnsson.
MYNDIR/ADSENDAR

Á þeim árum sem Óli var að hefja sinn sjómennskuferil voru humarveiðar að byrja frá Hornafirði. Þetta var upp úr 1960 og nóg var af humri. Hann fór fyrst á humar 1967 á bát sem hét Sævaldur og ári síðar á bát sem hét Ver en þá var hafís yfir öllu og var léleg humarveiði það ár. Svo var hann stýrimaður á Sigurfara 1969 og var þá aftur óhemju humarveiði.

114 tonn af humri upp úr sjó


„Við fengum 38 tonn af slitnum humri á Sigurfaranum 1969. Það er nálægt 114 tonnum upp úr sjó. Allur kvótinn í dag er innan við 250 tonn. Næstu ár var líka nær undantekningarlaust mjög góð humarveiði. Ég byrjaði fyrst sem skipstjóri á humarbát 1971 á Gissuri hvíta. Mig minnir að við höfum fengið 17 tonn af skottum fyrstu þrjár vikurnar en þá bilaði hjá okkur og við vorum í slipp í fimm vikur. Það var alveg mokveiði og humarinn mjög stór. Við vorum að finna nýjar bleiður sem aldrei hafði verið dreg-

ið á fyrr. Við veiddum aðallega í kringum Tvískerin og einnig í Hornafjarðardýpi, Lónkýpi og Meðallandsbugt. Þetta voru helstu svæðin. En þegar búið var að drepa alla síldina 1968 þá héldu allar drulludollar sem flutu á humarveiðar. Ég hugsa að það hafi verið yfir 100 bátar á humri þegar mest var. Þetta voru bátar alls staðar af að landinu. Svona er þetta alveg fram undir 1980 þegar þeim bátum sem voru á humri fækkaði.“

Ofveiði

Óli segir að það hafi alltaf verið tekið of mikið af humri. Þó hafi komið ár sem lægð var yfir veiðunum. Það var til dæmis lítill humarveiði 1967 þegar ísinn lagðist úti fyrir austan- og suðaustanverðu landinu. Sjórinn var kaldur og eini humarinn sem fékkst var í Meðallandsbugt og fyrir vestan Vestmannaeyjar.

„Hérna á austursvæðunum var bara þorskur og ekkert nema þorskur sem gekk hingað suður eftir undan ísnum.

 Ég fór fyrst á sjó ellefu ára gamall. Næstum 60 árum seinna fór ég að vinna í landi.

Við komumst ekki út úr Hornafjarðarós í sennilega tvær vikur í maímánuði vegna íss. Ísinn lagðist upp að landi alveg vestur fyrir Ingólfshöfða.“

Óli segir að humarinn hafi verið ofveiðdur og nú sé svo komið að lítill sem engin veiði er og það stórsjái á öllum humarmiðum. Veiðarnar hafi dregist stöðugt saman í ein tíu ár. Það séu fáir bátar eftir á humarveiðunum en þetta séu öflugir bátar og þeir stundi þessar veiðar með mjög stórum og þungum veiðarfærum.

Svæðin hreinsuð

„Það er mín skoðun að við séu endanlega að ganga frá humarstofninum. En það eru ekki allir sem samsinna því. Ég er alla vega alveg með það á hreinu að við höfum sjálfir gengið frá humarstofninum með ofveiði. Veiðarfærin og bátarnir eru alltof stórir og það er verið að djöflast á þessum bleiðum alltof lengi. Það er undarleg veiðistýring að leyfa allt að 50 metra löngum bátum með óheftu vélarafli að vera á þessum veiðum. Veiðarnar hefjast í apríl og það er ekki hætt fyrr en undir júl. Humarinn er á örlitlum svæðum úti á dýpunum og þar er djöflast á honum. Þessi rányrkja hefur farið fram með skipulegum hætti undanfarin ár. Það er byrjað í Lónkýpinu, svo er farið í Hornafjarðardýpið, þá Breiðamerkurdýpið og Skeiðarárdýpið og svo vestur úr. Svæðin eru bara hreinsuð. Það er auðvitað gott að vera á góðum og öruggum bátum við allar veiðar en veiðarfærin verða að vera í samræmi við viðkvæman botn.“

Heiðursmaðurinn Einar ríki kom með þá tillögu að við settum fyrstu greiðslurnar aftur fyrir allt saman. Þannig var það gert í þá daga.

Óli segir að ef stofninn eigi að ná sér á strik á ný verði að minnka veiðarfærin. Humarinn heldur sig í holum og veiðarfærin grafa sig ofan í leðjuna og róta honum upp.

„Við á þessum minni bátum gátum ekki verið nærri humarskipunum og litlu bátarnir eru að týna tölunni. Þeir ráða ekki við sókn af þessu tagi. Það þarf örugglega að friða humarinn í tíu ár ef stofninn á að ná sér á strik. Nú hefur tveimur dýpum verið lokað fyrir öllum togveiðum. Þetta er annað árið sem Lón-dýpið er lokað en nú eru menn á veiðum í Hornafjarðardýpi og Breiðamerkurdýpi og veiðin er mjög lítil.“

Úr 20 tonnum í 1,5

Síðast þegar Óli sendi bát sinn á humar fékkst um 4.500 krónur fyrir kílóíð. Hann hefur verið seldur til veitingastaða á svæðinu. Hann fékk ekki úthlut að nema 1,5 tonnum á yfirstandandi fiskveiðiári sem er mikið fall úr þeim 20 tonnum sem útgerðinni var úthlutað fyrir nokkrum árum og minnkað ár frá ári. Hefði hún fengið sömu úthlutun núna hefði það skilað útgerðinni um 80



Netarallið gekk vel að þessu sinni.

milljónum króna. Útgerðin á kvóta fyrir töluvert af meðafla sem hefur yfirleitt fengist í dýpunum. Á humarveiðum kemur ávallt talsverður meðafla eins og skötuselur, þorskur, ýsa og ufsi. Útgerðin átti lítið eftir af þorskvóta sem er fljótur að klárast þegar farið er á humar. Veiðarnar myndu heldur ekki standa undir sér með leiguvóta fyrir meðaflanam.

Álíka verðmæti í meðaflanam

„En það hefur verið mjög gott verð á fiski í vetur og hefur ekki verið svo hátt í mörg ár. Það hefur haldist hátt en lækkaði þó eitthvað eftir páskana. Við höfum lagt allan fisk upp hjá fiskmarkaðnum og verið ánægðir með útkomuna.“

Óli kom í land 2017 og hefur verið að snúast í kringum útgerðina í landi síðan. Hann hefur þó aðeins brugðið sér á sjó. Hann fór einn humartúr 2018 og fengust þá fjögur kíló á togtímann úti á dýpunum. Það þótti honum heldur klént. Útgerð af því tagi standi ekki undir sér.

„Hitt var annað mál að við fengum alltaf meðafla og það voru álíka verðmæti í honum og humrinum.“

Netarallið góð viðbót

Sigurður Ólafsson SF var einn þeirra báta sem tóku þátt í netaralli Hafrannsóknastofnunar. Það var yfirstandandi þegar rætt var við Óla. Hann sagði ralið hafa gengið mjög vel. Báturinn dró net allt frá Meðallandsbugt og austur að Hvítungum og tók ralið um þrjár vikur með páskafríinu og var aflinn úr því um 260 tonn og munar um minna. Óli segir þetta góða viðbót fyrir kvótalitlar útgerðir og sérstaklega þegar vel veiðist.

„Mér líst bara vel á framtíðina. Heimfaraldurinn gengur yfir eins og allt annað. Það er svo sem lítið framundan hjá



Áhöfnin á Sigurði Ólafssyni SF.



UMBÚÐIR & MERKING ERU OKKAR FAG



FERSKFISKKASSAR SEM ERU 100% ENDURVINNANLEGIR

CoolSeal kassinn er umhverfisvænn og því góður valkostur í stað frauðplastkassa

- Hagkvæmari aðflutningur
- Betri nýting á bretti
- Betri nýting gáma



Gámakassi, vélreistur með styrkingu í hornum skýr og góð prentun.

Nýr flugkassi, tvöföld langhlið sem tryggir meiri styrk og betri einangrun.



okkur fyrr en á nýju kvótaári. Eftir að við tókum þessi humarskott sem okkur er úthlutað leggjum við bátum þar til í haust.

Sigurður Ólafsson SF er 60 ára gamalt stálskip, eitt það elsta í íslenska fiskiskipaflotanum. Hann er smíðaður árið 1960 í Noregi fyrir Guðmund Runólfsson í Grundarfirði. Hann var seldur til Akraness og þaðan til Stykkishólms. Þar keypti útgerðin bátinn til Hornafjarðar árið 1979. Báturinn var svo lengdur og yfirbyggður í Þýskalandi árið 1987 svo hann hentaði betur til nótaveiða á síld. Framan af var verið á línu, netum, reknetum (síðar nót) og trolli á hverju ári en undanfarin ár hefur báturinn verið gerður út á net á veturna og svo humar og fiskitroll þess á milli. Báturinn er í góðu standi og honum verið vel sinnt alla tíð. Óli segir að ekki hafi dottið út róður út af bilirí á þessum bát.

/// Við fengum 38 tonn af slitnum humri á Sigurfaranum 1969. Það er nálægt 114 tonnum upp úr sjó. Allur kvótinn í dag er innan við 250 tonn.



Sigurður Ólafsson, skipstjóri á Sigurði Ólafssyni SF, og faðir hans, Ólafur Björn Þorbjörnsson útgerðarmaður.

„Við höfum alltaf verið mjög heppnir með vélstjóra og annan mannskap. Það eru alltaf sömu karlarnir þarna um borð og allt gengið eins og í sögu. Við erum tíu á honum á netunum

en sjó á trollinu. Það má til gaman geta þess að þriðju ættliðirnir, tveir afastrákar Óla hafa verið í áhöfn og annar þeirra að ljúka stýrimannanámi og fær væntanlega að spreyta sig

á því fljótlega. Áður fyrr vorum við bara fimm á humrinum en undanfarin mörg ár höfum við verið sjó. Það gengur alltaf vel þegar allir koma heilir heim.“



Einhamar
Ecological seafood from Iceland

Sendum sjómönnum og fiskvinnslufólki hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn



Útgerðarfélag Reykjavíkur
óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn



ÚTGERÐARFÉLAG
REYKJAVÍKUR HF.



Svanhildur Egilsdóttir, ljósmyndari Hafrannsóknastofnunar og líffræðingur.

ABSEND MYND

Myndar jafnt hnúfubaka sem hryggleysingja

Verkefni ljósmyndara Hafrannsóknastofnunar eru af margvíslegum toga. Allt frá því að taka smásjármyndir og myndir af torkennilegum sjávarlífverum yfir í myndatökur á hafi úti af sporðum hnúfubaka. Starfið er fjölbreytt og oft á tíðum líflegt. Svanhildur Egilsdóttir hefur gegnt þessu starfi frá 2015 og var hún sú fyrsta sem ráðin er sérstaklega til þess að taka ljósmyndir fyrir Hafrannsóknastofnun, en áður hafði hún starfað á stofnuninni frá árinu 1993 sem líffræðingur.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Ég byrjaði fyrst í rækjurannsóknnum hjá Unni Skúladóttur. Svo fór ég vestur í Ólafsvík og var þar í átta ár á útibúi Hafró. Kom svo í bæinn og fór að vinna við botnþörungarannsóknir hjá Karli Gunnarssyni. Í því samstarfi kom það í minn hlut að taka myndir.“

Snarar hendur í fjörinni

Þegar unnið er að þörungarannsóknunum í fjörum landsins þarf stundum að hafa hraðar hendur áður en flæða

tekur að. „Við notuðum þá myndavélina til að taka myndir og greindum þörunguna í tölvunni þegar heim var komið. Þannig eiginlega byrjaði þetta ljósmyndabrölt. Svo rakst ég á mastersnám í líffræðiljósmyndun í Nottingham í Bretlandi, og sótti um námsleyfi. Jóhann Sigurjónsson, fyrrverandi forstjóri, sá möguleikana sem fólust í þessu og veitti mér ársleyfi. Síðan eftir að ég kom heim hefur verið nóg að gera.“

Fimm ár eru nú liðin síðan Svanhildur lauk námi og hefur hún síðustu árin verið í fullu starfi sem ljósmyndari stofnunarinnar, en nýtir þó áfram líffræðimenntun sína við ýmsa rannsóknavinnu.

Klóbanga og hryggleysingjar

Á Hafrannsóknastofnun eru myndavélar nú orðið mikið notaðar til mælinga hvers konar og tegundargreiningar.

„Ég hef til dæmis verið að mynda vöxt á klóbangi. Þá merkjum við plöntur, tökum mynd af þeim og förum síðan reglulega til að taka myndir aftur. Þá getum við mælt hversu mikið þær hafa vaxið.“

Svanhildur hefur enn fremur tekið ógrynnin öll af myndum af hryggleysingjum, enda oft hægt með myndavélinni að sjá öll smáatriði miklu betur.

„Ég hef þá verið að taka myndir af útliti þeirra og greiningareinkennum. Þær myndir er hægt að senda til annarra landa og láta sérfræðinga staðfesta að þetta sé viðkomandi tegund, og þá skiptir öllu að myndin sé góð og í mikilli upplausn.“

Aukið vægi ljósmyndunar

Stundum er smásjármyndatöku beitt við tegundargreininga.


„Við þörungarannsóknir eru til dæmis greiningareinkennum oft einhver frumu-

gerð eða líffæri, sem sést ekki með berum augum.“ Einnig er mikið tekið af neðansjávarmyndum hjá Hafró.

Ég hef þá verið að taka myndir af útliti þeirra og greiningareinkennum. Þær myndir er hægt að senda til annarra landa og láta sérfræðinga staðfesta að þetta sé viðkomandi tegund, og þá skiptir öllu að myndin sé góð og í mikilli upplausn.



Við óskum sjómönnum
innilega til hamingju
með daginn!



wisefish
sjávarútvegslausrir

Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics 365 Business Central

Wise hefur verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

WiseFish er sérsniðin hugbúnaðarlausn sem er hönnuð til að sinna þörfum sjávarútvegsfyrirtækja. WiseFish býr yfir fjölbreyttum eiginleikum og tekur tillit til allra hluta virðis_keðju sjávarfangsins, allt frá veiðum og framleiðslu til sölu og dreifingar.

Sérfræðingar WiseFish eru ávallt tilbúnir að miðla af víðtækri þekkingu og reynslu af þjónustu og hugbúnaðarþróun fyrir sjávarútveginn.

„Lykillinn að góðum árangri er hugbúnaður sem gefur okkur lykilupplýsingar í rauntíma. Við notum **WiseFish** og **WiseAnalyzer**, sem tryggir að staða, árangur og framlegð er alltaf ljós í lok dags.“




Guðmundur Smári Guðmundsson,
G.RUN Grundarfirði

WiseFish nær til allrar virðis_keðju sjávarútvegsins
frá veiðum til sölu og dreifingar.



Loðnulirfur í skál. Myndin var notuð til að mæla lengd lirfanna í myndvinnsluforriti.



Best er að mynda fiska þegar þeir eru nýveiddir og ferskir en myndataka á sjó getur verið strembin þar sem allt er á hreyfingu. Draga má fram greiningareinkenni eins og lögun uggna með því að spenna uggana upp með þrjónum. Mikilvægt er að hafa kvarða á myndum til að gefa vísbendingu um stærð. Hér er sýnishorn af áttstrendingi.



Dökkháfsfóstur í hausralli 2018. Dökkháfar fæða lífandi afkvæmi.

/// Ég hef svolítið farið í loðnumælingar, en þarna lentum við í brælu og fórum inn í sundið. Það var alveg magnað og ótrúlega gaman.

Svanhildur segir vægi ljósmynda alltaf vera að aukast í vísindarannsóknunum, krafan um að sýna viðfangsefnin og aðstæður á myndrænan hátt verði sífellt meiri.

„Nú er algengt að vefsíður séu gerðar fyrir verkefni og þar skiptir útlit miklu máli. Vísindagreinum þurfa oft að fylgja myndir og svo hefur verið þróaður hugbúnaður til að nýta við vinnslu mynda.“

Hún nefnir sem dæmi forrit sem hægt er að nota til að meta magn og forrit sem greina lífverur.

Fimmtíu grindhvalir í fjöru

Loðnuleiðangur fyrir nokkrum árum varð Svanhildi eftirminnilegur en þá



Sumarið 2019 var farið með þyrlu Landhelgisgæslunnar vestur á Löngufjörur þar sem 50 grindhvalir höfðu strandað og drepist. Hvalirnir voru mældir og tekin úr þeim sýni.



Hnúfubakar í Arnarfirði. Mynd tekin haustið 2019 í leiðangri sem farinn var til að safna lífssýnum úr hvöllum. Einstaklingana má þekkja af lögun og mynstri sporðblöðkunnar.

þurfti að leita vars vegna veðurs inn í Scoresbysund.

„Ég hef svolítið farið í loðnumælingar, en þarna lentum við í brælu og fórum

inn í sundið. Það var alveg magnað og ótrúlega gaman.“

Svanhildur sparaði ekki myndavélina í þeim leiðangri. „Í fyrrihaust fór

ég líka í mjög skemmtilegan leiðangur vestur í Arnarfjörð þar sem verið var að taka sýni úr hnúfubökum. Mitt hlutverk var að taka myndir af sporð-



ÖLFUS

NÝJAR ÚTFLUTNINGSLEIÐIR

- ótvíræður kostur fyrir útgerðir

Vikulegar vörusiglingar frá Þorlákshöfn til Evrópu er ótvíræður kostur fyrir útgerðir til að landa í Þorlákshöfn ferskum fiski beint til útflutnings.



Í dag sigla tvær vöruflutningaferjur á vegum Smyril Line Cargo vikulega, allan ársins hring.

Akranes siglir frá Þorlákshöfn á mánudögum til Hirtshals í Danmörku og Mykines á föstudögum til Rotterdam í Hollandi. Með þeim er flutningstíminn sá stysti til og frá landinu sem í boði er á SV-horninu í sjóflutningum. Samhliða vöruflutningum hefur löndunarþjónusta aukist sem og önnur þjónusta.

Við hvetjum útgerðir til að kynna sér þessa tvo útflutningskosti betur á thorlakhofn.is eða smyrillinecargo.com. Einnig með tölvupósti á hofn@olfus og ut@cargo.fo eða í vaksíma Þorlákshafnar 893 3659.



blöðku hvalanna. Hver hvalur hefur sérstaka lögun á sporði og ég var að mynda sporðana til að hægt væri að vita hvaða einstaklingar þetta voru sem verið var að taka sýni úr.“

Annar eftirminnilegur leiðangur var með þyrlu á Löngufjörur þar sem margir grindhvalir höfðu strandað.

„Það voru fimmtú dýr þarna í fjör- unni og alveg ótrúlegt að sjá.“

Sjávardýraorðabókin endurnýjuð

Fyrir nokkru hlaut Svanhildur styrk úr Rannsóknarsjóði síldarútvegsins til að myndskreyta Sjávardýraorðabók Gunnars Jónssonar með ljósmyndum. Nýr vefur, Sjávardýravefurinn, verður opnaður á vefsíðu Hafrannsóknastofnunar <https://www.hafogvatn.is>

„Ég hef verið að safna myndum núna í nokkur ár af sjávarlífverum og svo var ég svo heppin að Jónbjörn Pálsson fiskifræðingur veitti mér aðgang að öllum myndunum sem hann var búinn að safna í gegnum tíðina.“

Svanhildur er búin að setja á vefinn allmargar tegundir með myndum og smá fróðleik. Hún segir að til standi að skrifa meira um hverja tegund og bæta við tegundum á komandi misserum. Vefurinn verði því stöðugt í vinnslu.

Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson í loðnuleiðangri í janúar 2018. Bjarni virkar lítil í samanburði við hrikalegt landslagið á Hornströndum.



Við sökkvum okkur í verkefnin!



KÖFUNARÞJÓNUSTA SIGURÐAR EHF.

KÖFUNARÞJÓNUSTA

Þjónusta fyrir eldisstöðvar,
útgerðir og hafnir
www.dive4u.is - siggi@dive4u.is

☎ 899 6345

Til hamingju
með daginn
sjómenn!

Marport óskar sjómönnum
og fjölskyldum þeirra innilega
til hamingju með daginn.

Stofnað árið 1996

MARPORT

Marport er leiðandi fyrirtæki
í hönnun og framleiðslu á
veiðarfæranemum og er með
starfsemi í sex löndum.



Sólberg ÓF 1 kom til landsins sumarið 2017. Skipið var þá fyrsti nýsmíðaði flakafrystitogari Íslendinga í 25 ár eða frá því að Vigri RE kom til landsins árið 1992.

MYND/PORGEIR BALDURSSON

Frustitogararnir týna tölunni

Frustitogurum á landinu hefur fækkað mjög undanfarin ár. Flestir voru þeir 35 talsins árið 1998 en eru nú einungis 11 alls. Þetta kemur fram í fróðlegri samantekt Eiríks Óla Dagbjartssonar, útgerðarstjóra Þorbjarnarins hf. í Grindavík.

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON
gugu@fiskifrrettir.is

Saga frustitogara á Íslandi nær ekki yfir langt tímabil en hún er forvitnileg. Eiríkur Óli hefur velt fyrir sér risi og falli þessa útgerðarmynsturs og rekur upphafið til ársins 1982.

Á þessum árum var verið að smíða nýja ísfiskstogara þrátt fyrir að rekstrargrundvöllurinn hafi verið hruninn. Þar réði samspil margra þátta en Eiríkur Óli telur nokkuð ljóst að einn þeirra veigamestu hafi verið ofveiði.

„Það var engin afkoma, hvorki af útgerð né fiskvinnslu á þessum árum,“ segir Eiríkur Óli.

Samherji keyptur

Hann minnst þess þegar Kristján Vilhelmsson sagði skemmtilega sögu af því þegar hann og bróðir hans Þorsteinn, og frændi, Þorsteinn Már Baldvinsson, fengu þá hugmynd að kaupa útgerðar fyrirtækið Samherja í Grindavík. Feður þeirra, Vilhelm og Baldvin Þorsteinessynir,



Frustiskipin Þór og Venus mætast á toginu.

MYND/PORGEIR BALDURSSON

höfðu báðir verið lengi í stjórnunarstöðum hjá Útgerðarfélagi Akureyrar. Þeir bræður vissu sem var að það var mjög erfitt að gera út togara á þessum árum og glapræði að reka frystihús.

„En að ætla svo að sameina þetta tvennt, útgerð togara og rekstur frystihúss, fannst gömlu mönnum fullkomin fásinna og viðruðu þá skoðun sína við ungu mennina sem voru í þann mund að fara að kaupa Samherja suður í Grindavík,“ segir Eiríkur Óli.

Fyrirtækinu fylgdi ísfiskstogarin Guðsteinn GK 140, smíðaður í Póllandi 1974, sem þeir frændur breyttu og gáfu nafnið Akureyrin EA 110.

Þorsteinn Már starfaði á þessum árum sem framkvæmdastjóri Slippisins í

Eiríkur Óli Dagbjartsson, útgerðarstjóri hjá Þorbimi í Grindavík.

ABSEND MYND

Ég held að þetta hafi verið lykillinn að velgengninni. Markaðurinn ytra lærði fljótt á gæðin sem eru óumdeild í sjófrystum fiski.

um í frustitogara og gáfu nafnið Akureyrin. Skipið malaði gull fyrir nýja eigendur Samherja. Stóra málið var að geta sameinað veiðar og vinnslu um borð í skipunum. Afurðirnar, sjófryst flök, gengu beint inn á fish&chips markaðinn í Bretlandi.

„Ég held að þetta hafi verið lykillinn að velgengninni. Markaðurinn ytra lærði fljótt á gæðin sem eru óumdeild í sjófrystum fiski. Þannig færðist verðmætisköpunin út á sjó,“ segir Eiríkur Óli.

35 frustitogarar árið 1998

Eiríkur Óli fékk sjálfur skipstjórnarrettindi árið 1986 og var um tíu ára skeið skipstjóri hjá Fiskanesi á litlum fiskibát. Það var svo ekki fyrr en upp úr 2000, þegar hann var ráðinn útgerðarstjóri hjá Þorbirni, að hann fór sinn fyrsta túr á frustitogara, eða raunar aðeins hálfan túr á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK til að kynna veiðunum.

Enn hélt frustitogurum áfram að fjölga. Árið 1987 voru þeir orðnir tólf, 23 árið 1991 og 35 árið 1998. Þá eru rækju-

Njarðvíkum. Hann hafði fengið skipstjórnarrettindi frá Stýrimannaskólanum 1974 og útskrifaðist sem skipaverkfræðingur frá Norges Tekniske Høgskola árið 1980. Hann hafði kynnst frustitogurum í Noregi sem stýrimaður.

Breytt í frustitogara í smíðafærlinu

Nokkru áður hafði smíði hafist á togaranum Örvari HU á Akureyri fyrir útgerðarfélagið Skagstrending á Skagströnd. Þetta átti að vera hefðbundinn ísfiskari. En það var að renna upp ljós fyrir mönnum að það var enginn rekstrargrundvöllur fyrir skipið. Skagstrendingur skipti um kúrs í miðju smíðafærlinu og lét breyta skipinu í frustitogara, þann fyrsta í íslenska flotanum. Eiríkur Óli segir að Örvari HU hafi verið fengsælt og farsælt skip frá fyrsta degi. Skagstrendingar eru því brautryndur á þessu sviði. Næsti frustitogarin var svo Hólmadrangur ST 70 frá Hólmavík.

Þeir Samherjafrændur gerðu svo slíkt hið sama við Guðstein GK, breyttu hon-

Sæplast óskar sjómönnum
um land allt til hamingju
með daginn



www.saeplast.com



Dætur eru okkar fag

Öll almenn viðgerðarþjónusta
á dælum og tengdum búnaði
ásamt dæluhúðun

Við bjóðum uppá dætur fyrir:
Sjó, vatn og skolp.



Eru dælurnar þínar í öruggum höndum ?

☎ 421 4426

🌐 www.maris.is

✉ info@maris.is

📍 Cuxhavengata 1
220 Hafnarfirði



MARIS

– Áratuga reynsla –

skip ekki talin með sem þó voru oft á blönduðum veiðum. Undir aldamótin fer að halla undan fæti og frystitogurum fer að fækka.

„Ég vil meina að árin 2012 og 2013 í tíð ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafi öll framlegð farið út úr rekstri frystitogaranna. Útgerðirnar voru beittar fantaskap í álagningu veiðigjalda og í framhaldinu fækkaði frystitogurum jafn hratt og raun bar vitni. Þeir voru flestir 35 en ætli þeir séu ekki 11 talsins í dag.“

HB Grandi gerði til að mynda um langt árabil út fimm frystitogara en þeim fækkaði á skömmum tíma niður í tvo. Ögurvík hafði gert út Vigra og Frera í mörg ár en lögðu Frera. Rammi á Siglufirði hafði lengi gert út þrjá frystitogara en gera nú einungis út Sólbergið. Skagstrendingur gerði lengi út þrjá frystitogara en fóru niður í einn. Stálskip, sem gerði út Þór HF, hættu sjávarútvegstengdri starfsemi.

Veiðigjöld og hrun í þorskerfi

Eiríkur Óli segir að veiðigjöldin hafi lagst þyngra á útgerð frystitogara en annarra eins og fyrirkomulagið var á þessum árum. Veiðigjöldin voru ákvörðuð út frá aflaverðmætunum og þau voru auðvitað umtalsvert meiri hjá frystitogurum en ísfiskskipunum.

„Önnur veigamikil ástæða fyrir því að frystitogurum fækkaði var hrun á þorskerfi 2012-2013 eftir að aflaheimildir í Barentshafi voru stóruaknar. Aukið framboð knúði fram enn frekari verðlækkanir. Við sáum verð á algengustu afurðinni í frystitogurum, millistór-um þorsflökum, roðlausum með beini, fara lægst undir þrjú sterlingspund kíló. Í mars 2013 stóð það í 2,9 pundum. Til samanburðar voru þessi verð komin upp í sjö pund rétt áður en hremmingarnar vegna COVID-19 veirunnar hófust í mars síðastliðnum.“

Á þessum árum vildi breski markaðurinn einungis roðlaus flök með beini og flök með roði og beini, en nú orðið tekur hann einnig roðlaus, beinlaus flök. Bandaríkjamarkaðurinn einskorðast við roðlaus, beinlaus flök.

Ferskfiskmarkaðir opnast

Þriðja ástæðan fyrir fækkun frystitogaranna, að mati Eiríks Óla, er sú þróun að mörg útgerðarfyrirtæki færa sig yfir í framleiðslu á ferskum fiski. HB Grandi sé sennilega skýrasta dæmið um þetta. Fyrirtækið fór að leggja stóruakna



Órvar HU var fyrsti frystitogari Íslandinga.

ABSEND MYND



Akureyrin EA - fyrsta skip Samherjamanna sem malaði þeim gull um langt árabil.

MYND/ÞORGEIR BALDURSSON



Amar HU 1.

MYND/GUÐMUNDUR ST. VALDIMARSSON

Á minni tíð sem útgerðarstjóri höfum við verið að vinna með heildarþorskvóta sem hefur sveiflast frá því að vera allt niður í 130.000 tonn og upp í það að vera nálægt 300.000 tonnum.

áherslu á veiðar ísfisktogaranna og að vinna fiskinn í landi. Sú aukning sem verður í ferskfiskútflutningi tengist jafnt fjölbreyttari flutningsleiðum og markaðsmálum.

Eiríkur Óli bendir á að sama þróun hafi átt sér stað í Noregi og Færeyjum. Í Noregi fækkaði frystitogurum til að mynda úr tuttugu í þrjá á árunum 2004 til 2014. Þar voru þó aðrir hvarar að baki. Norðmenn fóru að færa sig meira yfir í hausaðan og slægðan fisk sem tengdist launauppbyggingunni um borð í skipunum þar sem hægt var að fækka í áhöfnunum þeirra þegar þeir vinna einungis hausaðan fisk. Nýtingastuðlar í flakavinnslu í Barentshafi eru líka mjög óhagstæðir og verri eftir því sem flökin eru meira unnin. Þetta hefur líka stuðlað að minni flakavinnslu þar. Við Ísland er hins vegar stuðst við raunnýtingu eftir vinnsluáferðum í hverri veiðiferð. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast svo með og eru um borð sirka tvo tóra á ári auk þess sem þeir taka út vinnslusýni tvisvar á ári þar fyrir utan.

Vinnsla á hausuðum fiski varð aldrei að neinu ráði um borð í íslenskum skipum. Athyglisvert er þó að á sama tíma og frystitogurum fækkar á Íslandi, Noregi og Færeyjum fjölga þeim í Rússlandi. Frá 2008 til 2014 fjölgaði þeim úr 12 í 20 og hefur fjölgað enn frekar síðan þá.

Rússíbanareid

Eiríkur Óli segir að talsverð líkindi séu með því að stunda sjófrystingu á Íslandi og að vera í rússíbanana. Hann skýrir þetta nánar með þessum hætti:

„Það eru margir ytri þættir sem geta breyst hratt og mikið. Afurðaverðið sveiflast upp og niður. Sveiflurnar eru margar frá því ég fór að hafa afskipti af þessum málum um síðustu aldamót. Ég nefni sem dæmi Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminn, kúariðuna sem var mál málaanna upp úr aldamótum. Kjötneysla dróst verulega saman um allan heim og fiskneysla rauk upp. Fiskverð náði hæstu hæðum. Svo var skyndilega eins og allir hefðu gleymt öllu um Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminn og fiskverð hrundi. Ólíuverð skiptir sjófrystinguna gríðarlega miklu máli. Ólúkostnaður sem hlutfall af verðmætunum er sömuleiðis afar sveiflukenndur. Við erum líka með blessaða krónuna okkar sem sveiflast umtalsvert upp og niður. Sveiflurnar í fiskistofnunum og ástand þeirra er einn þátturinn til viðbótar. Á minni tíð sem útgerðarstjóri höfum við verið að vinna með heildarþorskvóta sem hefur sveiflast frá því að vera allt niður í 130.000 tonn og upp í það að vera nálægt 300.000 tonnum. Þorskurinn er okkar lykiltenging og af þessu má sjá að það er margt sem getur breyst í þessari grein,“ segir Eiríkur Óli.



Veiðar og flakfrysting um borð í Vigra RE fyrir allnokkru síðan. Skipin eru afkastamikil í veiði en ekki síður sem verksmiðja á floti.

MYNDIR/ÞORGEIR BALDURSSON

Scanbas 365 brúarkerfi frá Scanmar



- 🌀 Nákvæmari og enn betri úrvinnsla gagna
- 🌀 Skýr og auðveld framsetning
- 🌀 Endalausir möguleikar á uppsetningu skjámynda
- 🌀 Hver notandi með sinn aðgang
- 🌀 Íslenskt viðmót



Scanmar búnaður er þekktur fyrir áreiðanleika, endingu og lága bilanatiðni sem á sér ekki hliðstæðu.



SCANMAR

www.scanmar.is

Scanmar ehf. • Miðhraun 13 • 210 Garðabær • Sími: 551 3300 • GSM: 691 4005 • Netfang: tm@scanmar.is



Tilgangur sjómanna dagsins hefur frá upphafi verið að halda árlega hátíð sjómönnum til heiðurs og minnst jafnframt látinna sjómanna.

MYND/ÚR MYNDASAFNI ÓLAFS K. MAGNÚSSONAR/MORGUNBLÁDSINS

Sjómönnum til heiðurs og látinna minnst

Sjómanna dagurinn verður haldinn í 83. sinn sunnudaginn 10. júní. Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur 6. júní 1938 en það var svo ekki fyrr en 1986 sem Alþingi samþykkti að koma fastri skipan á frí sjómanna þennan dag.

GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Samkvæmt lögunum er dagurinn bæði fánadagur og almennur frídagur sjómanna um land allt, með nokkrum undantekningum þó. Öll fiskiskip og hafrannsóknaskip eiga að vera komin til hafnar á hádegi laugardags og mega ekki láta úr höfn fyrr en á hádegi mánudaginn eftir.

„Tilgangur dagsins var frá upphafi að halda árlega hátíð sjómönnum til

Fyrsta ratsjain

Pórður Tómasson, sem lengi var safnvörður í Skógum, segir frá þjóðtrú og þjóðsögum ýmsum sem tengjast sjómennsku í riti sínu, Sjósókn og sjávarfang, sem Bókaútgáfan Örn og Örlýgur gaf út árið 1993. Þar er meðal annars minnst á orðið aflakló og mögulegan uppruna þess í þjóðtrú „Bak við orðið býr galdur og forneskja,” skrifar Þórður. „Aflaklær hétu lappir af heggra, dró sú hægri undir sig afla til sjávar en hin til

heiðurs og minnst jafnframt látinna sjómanna, einkum þeirra er létust af slysförum á sjó. Þessum merkjum hefir síðan verið haldið á lofti,” segir í greinargerð með frumvarpinu árið 1986.

Í bók Árna Björnssonar, Sögu daganna, segir að fyrsti sjómanna dagurinn hafi verið haldinn 6. júní árið 1938 í Reykja-

lands. Sjávarklóna átti fiskimaður að hafa í skó sínum og hún stakk hann í skóinn þar sem fiskur var undir í sjónum. Sú var hin fyrsta ratsjá íslenskra fiskimanna.“ Þórður tilfærir sögu af bræðrum, Magnúsi og Sigurði, sem útveguðu sér aflaklær af heggra, og „það eitt er víst að ólán fylgdi ekki klónum. Sigurður hélt landklónni en Magnúsi bróður sínum gaf hann sjávarklóna. Sigurður varð síðar ríkur af búskap en Magnús af sjávaraflla.“

vík og á Ísafirði, og hafi tekist með miklum ágætum. Talið er að í Reykjavík hafi um tvö þúsund sjómenn tekið þátt í skruðgöngu og var gengið frá Stýrimannaskólanum gamla við Öldugötu að Leifsstyttu á Skólavörðuholti. Þar voru um tíu þúsund manns samankomnir og var það um fjórðungur allra Reykvíkinga.

Tólfæringar talast við

Sú trú er gömul, að skip hafi vitund og geti talað saman,” segir í Íslenskum sjávarhátum Lúðvíks Kristjánssonar. „Einkum átti það að gerast á nýárs- og Jónsmessunótt. Annars bar það helst við ef þau áttu að farast, en þá reyndu þau að standa svo föst, að þeim yrði ekki ýtt á flot.” Lúðvík nefnir nokkur dæmi um talandi skip, þar á meðal þjóðsögu eina frá Selvogi:

„Aðfaranótt 6. marz 1633 bar það við að háseti á tólfæringnum Skútu í Selvogi gekk til nausta þar sem var og annar tólfæringur - Mókollur. Heyrði hann þá tal þeirra. Mókollur byrjaði: munum við verða að skilja á morgun.“ „Nei,” sagði Skúta, „ég ætla ekki að láta róa mér á morgun.“ „Þú mátt til,” segir Mókollur. „Ég læt hvergi hræra mig,” sagði Skúta. „Formaður þinn skipar þér í andskotans nafni,” segir Mókollur. „Þá má ég til,” segir Skúta, „og mun þá verr fara.“ Síðan þögnuðu þau. Morguninn eftir var gott sjóveður. Maðurinn sem heyrð hafði samtala skipanna sagðist vera veikur og bað formann um að róa ekki, en eigi tjáði að nefna slíkt. Báðar skipshafnirnar fóru nú að setja fram og hljóp Mókollur greiðlega af stokkunum en Skútu varð ekki mjakað úr stað og hættu menn við. Eftir að menn höfðu hvílt sig um hríð, kallaði formaður aftur og bað þá leggja hendur á í Jesú nafni, eins og hann var vanur, en ekki gekk Skúta enn. Reyndu þeir í þriðja sinn og gekk ekki um þumlung. Þá reiddist formaður og kallaði í fjórða sinni: „Leggið þið þá hendur á í andskotans nafni.“ Hljóp þá Skúta svo hart fram að menn gátu varla fótá sig. Nú var róid í fiskileitir. En úr þeim varð Skúta að hleypa út í Herdísarvík, þar brotnaði hún í lendingu og skipverjar drukknuðu allir, fimmtán að tölu.“

Árni greinir einnig frá því að sjómanna dagurinn hafi að nokkru leyti tekið við „af hinum gamla lokadegi



Fiskmarkaður Vestfjarða

Lækkuð gjaldskrá - 2% söluprósentu

Velkomin vestur



Fiskmarkaður Vestfjarða - Árbæjarkantur 3. - 415 Bolungarvík - Sími 456 6330 - fmvest@fmvest.is

RYÐFRÍ SMÍÐI

NÝSMÍÐI, VIÐGERÐIR OG VIÐHALD Á VÉLUM OG BÚNAÐI TENGÐUM
SJÁVARÚTVEGI OG IÐNAÐI

Til hamingju með daginn sjómenn

MICRO

Sjómannaþróttir

Á þessum degi munu allir íslenskir sjómenn, eða fulltrúar þeirra, mætast sameinaðir til að vekja þjóðina til meðvitundar um starfssvið sjómanna og lífskjör þeirra og gildi í þjóðfélaginu.

- Því verður ekki á móti mælt, að afkoma og velmegun þjóðarinnar byggist að mestu leyti á sjómannaþróttinni. Þau verðmæti, sem sjómennskan, fiskveiðarnar og siglingarnar, færa þjóðarbúinu, eru hlutfallslega svo mikil, borið saman við annan atvinnurekstur, að án þeirra gætum við tæplega lifað neinu menningarlífi í landinu, og iðnaður og bæjalíf myndi illa þrífast. –

- Sjómannaþróttin á að verða einn af aðalháttisdögum ársins. Svo mikið eiga landsmenn sjómönnum gott upp að unna, sérstaklega þeir, sem gæfan hefir borið léttara og þægilegra hlutskipti í verkaskiptingu þjóðfélagsins, að þeim ætti að verða kappsmál að þessi dagur verði sjómönnum hinn ánægjulegasti.

- Á sjómannaþróttinni verða endurvaktar hinar hollu og karlmannlegu sjómanna-íþróttir, stakkasund og kappróður. Keppt verður í björgunarbatum á Reykjavíkurbænum. Einnig fer fram keppni í knattleik, milli íslenskra og erlendra sjómanna. Þetta þurfa allir Reykvikingar að koma og sjá. Einnig hópgöngu sjómanna og minningarathöfn við Leifs styttuna. Merki Sjómannaþróttar, vikingaskipið, verður selt á götunum allan daginn. Öllum ágóða af deginum verður varið til menningarlegra markmiða varðandi sjómannaþróttina.

Heimild: Sjómannaþróttin 1938

Óvissan, háskinn og þjóðtrúin

Margar heimildir eru til um þjóðtrú ýmiss konar sem tengist hafinu og sjómennsku. Um það má til dæmis lesa í stórvirki Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenskir sjávarhættir. Þórður Tómasson, sem lengi var safnvörður á Skógum, greinir einnig frá hjátrú og hindurvitnum ýmsum er tengjast sjónum og fiskveiðum. „Þessi hjátrú og þjóðtrú tengist gjarnan aðstæðum sem við ráðum ekki alveg við og þar sem tekin er áhætta.

Sjómennskan er þannig að það ræðst allt af veðri og vindum, og menn vita ekkert hvernig veðin verður. Í þannig ástandi verður oft til hjátrú eða þjóðtrú,“ segir Símon Jón Jóhannsson þjóðfræðingur, sem tekið hefur saman bækur um hjátrú og hindurvitni í daglegu lífi Íslendinga, meðal annars hvað hafið og sjómennsku snertir.

„Menn passa sig á að gera eða gera ekki alls konar hluti til að stygga ekki forlögina eða þá vætti sem kannski eru í kringum okkur og tengjast þessu.“

Margt er í þessu harla kostulegt aflestrar en væntanlega hefur þó ýmislegt af þessu verið tekið alvarlega, að minnsta kosti í aðra röndina. Sumt jafnvel af dauðans alvöru, enda líf í húfi.

„Þrátt fyrir að gamla sjómannaþjóðtrúin sé

vetrarvertíðar 11. maí sem miðast hafði við árabáta og seinna vélbáta.“ Skútur og síðar togarar hafi yfirleitt haldið áfram veiðum til maíloka og áhafnir þeirra lítið þátt getað tekið í lokadeginum. Júníbyrjun hafi því þótt hentugur tími.

á undanhaldi og yngri sjómenn geri grín að henni þá lifir ýmiss konar hjátrú enn góðu lífi og haldið er í gamlar venjur,“ skrifar Símon.

-Það er ólánsmerki að syngja, blístra eða bölvu um borð í skipum – það dregur að illhveli, storma eða fjandann sjálfan.

-Mæti sjómenn konu, svörtum ketti, nunnu, presti eða öðrum kirkjunnar manni eða líkbíl á leið til skips er það slæmur fyrirboði.

-Konur og hundar eru ólánsboðar um borð í fiskiskipum.

-Fari skipsdraugar, rottur eða mýs frá borði ferst skipið.

-Fari prestur á sjó skal hafa kirkjuna opna á meðan.

-Ekki er talið gott að búa um rúm sjómanna fyrr en þrem nóttum eftir að þeir eru farnir að heiman – annars eiga þeir ekki afturkvæmt.

-Það má heldur ekki víðra rúmföt, lesa í bók, þrjúna eða víðra bækur meðan menn eru á sjó – þá gerir vitlaust veður eða eitthvað kemur fyrir.

-Kvensamir menn eru fisknari en aðrir.

-Ef sjómenn dreymdi að stúlka sýndi þeim ástaratlot á sjó, var það fyrirboði um storm og erfiðleika í róðrinum.

-Ef menn dreymdi hljóðfæraleik var það fyrir stormi.

Frumkvæði Henrys

„Frumkvæðið að sérstökum sjómanna-degi átti Félag íslenskra loftskiptamanna og þó einkum formaður þess 1935-39, Henry Hálfdánarson, sem sagður er hafa fengið slíka hugmynd

þegar vorið 1939,“ segir í bók Árna. Henry vann mikið að slysavarnamálum og var lengi framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands, sem var stofnað árið 1928.

Viðtal við Henry var birt í Sunnudagsblaði Tímans í nóvember 1962. Þar er hann spurður hvort hann hafi sjálfur lent í sjávarhásku.

„Já, ég er nú einn þeirra sem slysavarnafélagið hefur bjargað. Þá var ég á togaranum Hannesi ráðherra. Hann strandaði út af Kjalarnesi 14. febrúar 1939 í dimmviðri. Skipið lét illa, þar sem það tók niðri, og annar björgunarbáturinn brotnaði en við komumst allir í hinn – átján menn í tveim ferðum og rérum út í Sæbjörgu, sem hafði fundið okkur þrátt fyrir dimmviðrið.“

Gátu ekkert gert

Henry segist einnig hafa verið á togaranum Hafstein frá Ísafirði, en báðir þessir togarar voru nefndir eftir Hannesi Hafstein ráðherra, „og á báðum þessum togurum varð ég áhorfandi að hörmulegum sjóslusum“.

Henry var á Hafstein þegar Jón forseti fór 27. febrúar 1928, en „stóru slysin verða svo oft í febrúar,“ segir Henry.

„Við vorum þarna margir togarar og varðskipið Þór á strandstaðnum, en það var ekkert hægt að gera til hjálpar, og við máttum horfa aðgerðarlausir á mennina tínast út, hvern af öðrum.“

Fimmtán fórust þar en tíu björguðust.

„Það setti mikinn óhug að mönnum við þetta slys, og það varð til þess að ýta undir þróun slysavarnamála.“

Samferða í 93 ár

Olís hefur allt frá stofnun kappkostað að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi trausta þjónustu með sölu á eldsneyti og rekstrarvörum til útgerða.

Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar



Reiknaðu dæmið til enda

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur þegar kemur að rekstri bílaflota fyrirtækja. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið er tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkjaskipti. Fjármagnsbinding er engin, fjármagnsflæði verður jafnt og endursöluáhætta og kostnaður sem því fylgir heyrir sögunni til.



20 afgreiðslustaðir um land allt
Aðalnúmer 461 6000

www.langtímaleiga.is



Hér er Ísey ÁR 11 að taka snurvoðina inni á Hraunsvík austan Grindavíkur. Það er virkilega gaman að geta náð myndum af bátum að veiðum með drónanum, og manni finnst það dálítið fræðandi líka fyrir þá sem skoða því þetta er eitthvað sem birtist ekki oft á myndum. Svo skemmir ekki að hafa svona fallegan bakgrunn sem Festarfjallið er, og rifjast upp ljóðlínan úr lóðinu Grindvíkingur eftir Örn Arnarson: „Sjá má enn í Festarfjalli furðuheima dyragátt.“

Myndavélin sjaldnast langt undan

Ljósmyndir Jóns Steinars Sæmundssonar af bátum og sjómennsku hafa vakið verðskuldaða athygli. Hann er verkstjóri í saltfiskvinnslunni hjá Vísi hf. í Grindavík og segist varla þekkja neitt annað en sjávarútveginn.

GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is

Ég byrjaði nú seint að taka myndir, skal ég segja þér. Ég keypti ekki mína fyrstu alvöru myndavél fyrr en árið 2012 og síðan hef ég ekki stoppað nánast. Hann fékk þó Polaroid-myndavél í fermingargjöf og segist í rauninni alltaf hafa haft áhuga á ljósmyndun.

„Svo leiddi eitt af öðru, maður stofnaði fjölskyldu og það var hvorki tími né peningar í eitt eða neitt.“

Eftir að hann lét loksins verða af því að kaupa sér góða myndavél byrjaði hann á að þreifa sig áfram, fór síðan á eitt námskeið en „þar með er það upptalið. Það er bara þannig að ef maður vill fræðast um eitthvað þá fer maður á Youtube eða Google og leitar það uppi.“

Sjórinn og sjómennskan

Hann segir myndefnið oftast tengjast sjómennsku en fleira ratar þó inn um ljósopið þegar svo ber undir.


„Ég tek alveg landslag og norðurljós og svona. Það eina sem ég forðast og veit ekki af hverju er að taka myndir af fólki. Mér hundleiðist það,“ segir hann, en það sé þó alls ekki vegna þess að hann þoli ekki fólk. Þvert á móti.

„Ég vinn með fólk alla daga sem verkstjóri en það er bara eitthvað við það að taka myndir af fólki. Það liggur ekki á

Ég byrjaði nú seint að taka myndir, skal ég segja þér. Ég keypti ekki mína fyrstu alvöru myndavél fyrr en árið 2012 og síðan hef ég ekki stoppað nánast.



Jón Steinar Sæmundsson.



JE-VÉLAVERKSTÆÐI

Gránugötu 13 • 467 1296
Siglufirði

Gæðaþjónusta
& góð verð



Traustur og framsækinn
samstarfsaðili við
sjávarútveginn



Hraunsvík GK 75 að draga netin. Hér eru strákarnir á Hraunsvík að draga netin rétt utan við Grindavík. Eftir að drónar komu til sögunnar er það magnað að geta náð myndum sem þessum og veitt fólki innsýn í sjómennskuna.

